



SKÓLANÁMSKRÁ

LUNGA-SKÓLINN

VETURINN 2025/6

1. Inngangur	3
2. Saga skólans	4
3. Hlutverk, markmið og framtíðarsýn	5
3.1 Hlutverk og rekstrarform	5
3.2 Markmið	5
3.3 Framtíðarsýn	5
4. Skipulag og starfsfólk	7
4.1 Nemendaráð og starfsnemar	10
5. Árleg starfsáætlun	11
5.1 Starfstími skólans	11
5.2 Innritun og inntökuskilyrði	11
5.3 Skólagjöld	12
5.4 Starfsmannafundir	12
6. Skólabragur	13
7. Gæðastjórnun og innra mat	14
7.1 Skipulag og framkvæmd innra mats	14
7.1.1 Skólaskýrsla og árlegt innra mat	14
7.1.2 Umbótaáætlun	15
7.1.3 Gagnsæi, varðveisla og dreifing	16
7.1.4 Samstarf og ytra mat	16
8. Námsleiðir	17
8.1 LIST / ART	18
8.1.1 Námskeið við LIST	19
8.2 LAND	24
8.2.1 Námskeið við LAND	25
8.3 Starfsemi beggja námslína	30
8.4 Markmið náms	31
8.5 Tungumál	32
9. Samstarf og tengsl	33
10. Þjónusta og aðstaða	34
11. Stefnur og áætlanir	35
11.1 Jafnréttisstefna	35
11.2 Umhverfisstefna	36
11.3 Stefna um Vinnustaðamenningu og starfsumhverfi	36
11.4 Stefna um mataræði og næringu	37
11.5 Trúnaður, friðhelgi og persónuupplýsingar	37
11.6 Persónuverndarstefna LungA-skólans og meðferð persónuupplýsinga	38
12. Reglur, réttindi og ábyrgð	41
13. Einstaklingsmiðað nám	43
15. Öryggi í skólanum	44
15.1 Rýmingaráætlun	45
15.2 Áætlun um viðbrögð við vá	46
16. Stuðningur við þau sem þurfa - Heildræn nálgun	46

16.1 Veikindi og óumflýjanlegar fjarvistir-----	47
17. Öryggis- og stuðningshópur LungA (LSS)-----	47
17.1 Viðbrögð við áföllum-----	48
17.2 Umönnun eftir áfall-----	48
17.3 Viðbrögð LungA-skólans-----	49
18. Hjálp utan skólans-----	50
19. Að leysa ágreining-----	50
19.1 Samtöl með millilið-----	50
19.2 Skólafundur-----	50
19.3 Viðbrögð gegn ofbeldi-----	51
19.4 Mismunun, áreitni, kynbundin áreitni, áföll eða ofbeldi-----	52
19.5 Að leita aðstoðar utan skólans-----	53
19.6 Brottrekstur-----	53
20. Fyrri útgáfur-----	54

1. Inngangur

LungA-skólinn er lýðskóli sem starfar á grundvelli laga nr. 65/2019 um lýðskóla og reglugerðar nr. 430/2020 um viðurkenningu lýðskóla. Skólanámskráin er mótuð með hliðsjón af Aðalnámskrá framhaldsskóla og leiðbeiningum um gerð skólanámskráa í framhaldsskólastigi.

Þessi skólanámskrá gildir frá og með haustönn 2025 og er til reglulegrar endurskoðunar ár hvert. Uppfærð útgáfa leysir fyrri útgáfu af hólmi þegar hún tekur gildi.

Skólanámskráin skilgreinir almenna umgjörð skólastarfsins, viðmið, uppbyggingu og innihald náms í tveimur meginbrautum skólans: LIST og LAND. LungA-skólinn starfar sem óformleg menntastofnun á sviði lýðskólamenntunar og er staðsettur á Seyðisfirði. Menntun innan LungA-skólans byggir á grunngildum lýðræðislegrar þátttöku, sjálfbærni, gagnrýnnar hugsunar og ævilangrar menntunar.

Skólanámskráin er birt á heimasíðu skólans og er opin öllum til skoðunar.

Seyðisfirði, uppfært í júní 2025

Dr. Mark Rohtmaa-Jackson
Skólastjóri

2. Saga skólans

LungA-skólinn var stofnaður árið 2013 sem framhald af LungA-listahátíðinni (2000-2024). Nafnið „LungA“ er stytting á „Listahátíð ungs fólks á Austurlandi“. Hátíðin var stofnuð með það að markmiði að efla menningu og listalíf ungs fólks á Austurlandi. Í framhaldi var LungA-skólinn stofnaður sem sjálfstæð og listmiðuð menntastofnun þar sem unnt væri að þróa nýjar leiðir í menntun með áherslu á listsköpun, gagnrýna hugsun og samfélagslega þátttöku. Skólinn er vettvangur þar sem hægt er að rækta, endurskilgreina og umbreyta hefðbundnum hugmyndum um fagurfræði, nám, skynjun og dómgreind.

Fyrsta námsleið skólans hófst árið 2014 undir heitinu „84“, sem vísaði til fjölda námsdaga. Námið byggir á hefðum norrænna lýðskóla og alþjóðlegra tilraunaskóla í listum, og leggur áherslu á nærveru, samveru og listræna tilraunastarfsemi með þátttöku listamanna og gestaleiðbeinenda. Árið 2023 fékk '84' nýtt nafn: LIST og skólinn hóf nýja námsbraut sem kallast LAND. LAND-brautin leitast við að nýta og tengjast þeirri fjölbreyttu þekkingu sem finnst á Austurlandi og fjalla um brýnar spurningar tengdar vistfræði og samfélagi - spurningar sem formlegt menntakerfi hunsar gjarnan eða tekur ekki nægilega alvarlega. Þessi stækkun var fjármögnuð með styrk frá Erasmus+ og með stuðningi frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Uppbyggingarsjóði Austurlands.

Frá upphafi hefur LungA haft aðsetur á Seyðisfirði og nýtt þar aðstöðu í samstarfi við sveitarfélagið og heimamenn. Skólinn leggur ríka áherslu á tengsl við samfélagið og að menntun við skólann sé byggð á sögu og aðstæðum staðarins.

Fjöldi umsókna um skólavist hefur farið stöðugt vaxandi frá árinu 2014 og nú fáum við að jafnaði tvöfalt fleiri umsóknir en við höfum pláss fyrir í hverja braut - í dag er hámarksfjöldi þátttakenda 18 í LIST og 16 í LAND.

Dr. Mark Rohtmaa-Jackson hefur gegnt stöðu skólustjóra frá árinu 2023 en hann tók við af samstjórnendunum Björt Sigfinnsdóttur og Dr. Celia Harrison.

3. Hlutverk, markmið og framtíðarsýn

3.1 Hlutverk og rekstrarform

LungA-skólinn er rekin sem sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur og starfar samkvæmt samþykktum LungA-skólans ses. og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, 1999 nr. 33 19. mars. Samkvæmt samþykktum LungA-skólans ses. er tilgangur stofnunarinnar að styðja við skapandi og listræna menntun með áherslu á persónulegan þroska og þann lærdóm sem dreginn er af daglegu lífi. Þetta er gert með rekstri skóla þar sem kenndir eru áfangar samkvæmt námskrá skólans, eingöngu til almenningsheilla. Hagnaði og eignum stofnunarinnar má einungis ráðstafa í þágu tilgangs hennar. Stofnendum er óheimilt að taka hagnað eða aðrar eignir út úr stofnuninni.

3.2 Markmið

LungA-skólinn er lýðskóli rekinn af listafólki og fólki úr skapandi greinum og býður upp á skapandi menntun fyrir þátttakendur 18 ára og eldri.

Markmið LungA-skólans eru að:

- Stuðla að einstaklingsmiðaðri menntun
- Skapa rými fyrir skapandi tilraunir og ígrundun
- Að dýpka vistfræðilega vitund og staðbundna þekkingu á náttúru Seyðisfjarðar
- Efla félagslega og samfélagslega ábyrgð einstaklinga
- Vinna markvisst með fjölbreytileika og inngildingu
- Innleiða valddreifingu og samráð í ákvörðunartöku
- Efla gagnrýna hugsun, sjálfstætt nám og samvinnu við lausn vandamála

Þessi markmið eru sett fram í samræmi við sex grunnþætti menntunar samkvæmt Aðalnámskrá framhaldsskóla. (Sjá kafla 8. Námsleiðir)

3.3 Framtíðarsýn

LungA-skólinn stendur á miklu vaxtarskeiði og hefur á síðustu árum sýnt fram á að lýðskólamenntun með skapandi, vistvænum og samfélagslega tengdum áherslum á fullt erindi inn í íslenskt menntakerfi og byggðapróun. Skólinn stefnir að því að efla enn frekar hlutverk sitt á landsvísu og styrkja sess sinn sem mennta- og samfélagsmiðstöð á Austurlandi.

Framtíðarsýn skólans byggir á eftirfarandi megináherslum:

Upplifun nemenda

Nemendur sem ljúka námi við LungA-skólann fara út í heiminn með einstaka reynslu og hæfni. Námið eykur skilning þeirra á ólíkum sjónarhornum og samfélögum, faglega færni, sjálfstæði, þrautseigju, gagnrýna hugsun og getu til að leggja sitt af mörkum til samfélags framtíðarinnar. Í flóknu og síbreytilegu umhverfi framtíðarinnar verða aðlögunarhæfni, skapandi hugsun og tilfinningagreind lykilhæfni.

Kennsla, stjórnun og innri tengsl

LungA-skólinn er bæði viðbót við og valkostur í stað hefðbundins framhaldsnáms, og býr þar af leiðandi yfir sérstöðu sem vettvangur fyrir menntun sem leggur áherslu á gagnrýna, sjálfstæða og skapandi hugsun. Námskráin er hönnuð með þverfaglegri samvinnu í huga og byggir á samtali skapandi greina og vistfræðilegrar nálgunar. Skólinn nýtir fjölbreyttar og skapandi kennsluaðferðir, svo sem vinnustofur, einstaklingsviðtöl og verkefni leidd af nemendum. LungA viðurkennir að nám fer fram víðar en í hefðbundnu kennslurými og leitast við að virkja þátttakendur sem meðskaparara eigin námsleiðar. Þetta er sífellt þróunarferli sem knýr skólann áfram.

Stjórnun og vinnustaðamenning

Við hjá LungA-skólanum leggjum ríka áherslu á að móta og viðhalda heilbrigðum, skapandi og sjálfbærum vinnustað sem byggir á trausti, samvinnu og virðingu. Í skólanum starfar reynslumikið og ánæggt starfsfólk. Allt starfsfólk skólans er starfandi listamenn eða vinna í öðrum skapandi greinum, og er virkt í sínum greinum bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. Starfsfólk og gestaleiðbeinendur miðla eigin vinnuaðferðum og reynslu beint inn í skólastarfið og veita þannig nemendum innsýn í lifandi og virka listsköpun.

Tengsl við staðbundna þekkingu og alþjóðlegt samstarf

LungA-skólinn er rótfastur í samfélaginu á Seyðisfirði og allar ákvarðanir um þróun skólans eru teknar með tilliti til þess. Framtíðarsýn skólans felur í sér virka þátttöku í samfélaginu og auk þess vill skólinn auka þátttöku samfélagsins í skólanum. Sérstök áhersla er lögð á LAND-brautina í þessu tilliti þar sem unnið er með staðbundna þekkingu og varðveislu menningararfs á Austurlandi, til dæmis æðardúnsrækt, netagerð og gerjun matvæla. Skólinn er í góðu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á staðnum, innanlands og utanlands. LungA-skólinn hefur skapað sér gott orðspor sem lýðskóli sem leggur áherslu á list. Skólinn virkur þátttakandi í alþjóðlegu neti sjálfstæðra skóla og útvarpsstöðva, meðal annars innan International Community Radio Network.

Fjölbreytileiki og aðgengi

LungA-skólinn leitast við að ná til fjölbreyttari hópa þátttakenda og stuðla að jöfnuði í aðgengi að menntun. Unnið er að þróun stafræns gagnasafns, útvíkkun útvarpsins sem námsverkfæri og kennslumiðils. Markvisst er unnið að því að ná til samfélaga sem ekki eru vön lýðskólamenntun, og finna leiðir til að bjóða styrki eða námsaðstoð fyrir þátttakendur sem annars hefðu ekki fjárhagslegt svigrúm til þátttöku.

Fjölgun námsleiða: tvær LAND- og tvær LIST-brautir með samtals 68 þátttakendum á ári (2026/27)

LungA stefnir að því að bjóða bæði LAND og LIST á hausti og vori, með samtals 68 þátttakendum á ári. Þetta markmið kallar á styrkingu innviða og aukna rekstrarhæfni til að tryggja gæði og sjálfbærni í starfsemi skólans.

Ný og fjölbreytt aðstaða til kennslu og dvalar

Skólinn stefnir að því að fá nýtt húsnæði fyrir kennslurými, heimavist og aðstöðu til samveru. Slík lausn myndi tryggja öryggi, fagleg skilyrði og rými fyrir allt að 80 nemendum árlega, með möguleika á að þróa styttri námsleiðir og opin námskeið yfir sumartímann. Þetta mun hámarka nýtingu á aðstöðu skólans, bæta við menntunar framboði fyrir fjölbreyttan aldurshóp og styðja við sjálfbærnan rekstur.

4. Skipulag og starfsfólk



Skipurit LungA-skólans ses.

Skólaárið 2025/26

LungA-skólinn er byggður á sameiginlegu samtali og ábyrgð allra þátttakenda. Þó að hlutverk og ábyrgðarsvið séu ólík, þá eru þau jafnmikilvæg. Ákvarðanataka sameiginlegt verkefni þar sem við leitum jafnan eftir sjónarmiðum og tillögum frá öllum sem taka þátt í skólastarfinu.

Stjórn

Stjórn skólans styður við starfsfólk skólans, sérstaklega í stærri fjárhagslegum og skipulagslegum málum. Hún starfar eftir skipulagsskrá og í henni sitja fimm aðalmenn og tveir varamenn. Hver fulltrúi situr í þrjú ár með möguleika á einni endurnýjun, að hámarki sex ár. Einn eða fleiri fulltrúar úr nemendaráði sitja stjórnarfundi.

Stjórnina skipa:

Ásrún Mjöll Stefánsdóttir, formaður
Ra Tack
Logi Pedro Stefánsson
Julia Martin
Mark Wilson

Varamenn:
Kristjana Björk Brynjarsdóttir
Hlynur Hallsson

Stjórnin skipar skólastjóra, sem síðan ræður annað starfsfólk. Uppfærður listi yfir starfsfólk má nálgast á heimasíðu skólans. Fastir starfsmenn eru skólastjóri, verkefnastjóri, brautarstjórar og umsjónarmaður fasteigna.

Skólastjóri

Skólastjóri leiðir starfsmannateymi skólans og ber ábyrgð á ákvörðunum þess. Verkefni skólastjóra fela m.a. í sér:

- Yfirumsjón með rekstri og fjármálum skólans
- Starfsmannamál
- Samskipti við stjórn, samstarfsaðila og hagsmunaaðila
- Stefnumótun og þróun námskrár í samstarfi við stjórn og starfsfólk skólans
- Umsjón með stundatöflu
- Alþjóðleg samskipti
- Umsjón með kynningarefni skólans
- Gæðamál, þar með talið mat á kennslu og leiðbeinendum
- Einstaklingsviðtöl við alla þátttakendur fyrir miðja önn
- Setur og heldur utan um öryggis- og stuðningshóp LungA-skólans.

Verkefnastjóri

Verkefnastjóri hefur umsjón með daglegri framkvæmd skólastarfs og þróunarverkefnum:

- Umsjón skrifstofu
- Tengiliður við styrkveitendur
- Samhæfing verkefna og samstarfsverkefna
- Skjalavarsla, þ.á.m. nemendabókhaldi
- Annast launamál, bókhald og áætlanir í samstarfi við bókara og endurskoðendur
- Innheimta skólagjalda og annarra tekna
- Önnur verkefni í samstarfi við skólastjóra
- Vinnsla á tölfraðilegum upplýsingum

Brautarstjórar

Brautarstjórar bera faglega ábyrgð á hverri námsbraut og sinna skipulagi, stuðningi og framkvæmd námsins. Brautarstjórar eru tveir fyrir hverja námsönn. Þeir:

- Velja og hafa samband við gestaleiðbeinendur, gestalistamenn og vinnustofuleiðbeinendur sem henta viðkomandi braut
- Samræma kennslu við námskrá skólans og tryggja faglega framkvæmd
- Bera faglega ábyrgð á einstökum námsgreinum innan brautarinnar
- Hafa umsjón með fjárhagsáætlun námsbrautarinnar í samráði við verkefnastjóra
- Taka á móti nýjum leiðbeinendum og bjóða þeim stuðning
- Halda utan um morgunsamverur og daglegt starf
- Fylgjast með og styðja við námsframvindu þátttakenda
- Hafa regluleg einstaklingssamtöl (1-2-1) við nemendur, starfsnema, gesti og leiðbeinendur í gegnum önnina
- Hitta skólastjóra og verkefnastjóra vikulega og fara yfir málefni tengd skólanum og viðkomandi brautum
- Sjá um móttökuferli umsækjenda og taka viðtöl við þá

Umsjónarmaður fasteigna

- Annast alla aðstöðu skólans, tryggir öryggi og aðgengi
- Greinir og bregst við viðhalds- og öryggisvandamálum
- Sér um aðgang að öðrum húsnæðum eftir þörfum

Tímabundnir starfsmenn og verktakar

Gestaleiðbeinendur

Verkefni gestaleiðbeinenda fer eftir námskeiðinu. Gestaleiðbeinendur eru ráðnir sem verktakar yfir þann tíma sem námskeiðið fer fram. Gestaleiðbeinendur:

- Skipuleggja og kenna eigin vinnustofur
- Samþætta vinnustofur við námsáætlanir með brautarstjórum og þátttakendum
- Fylgjast með framförum þátttakenda
- Taka þátt í faglegri þróun skólans
- Mæta á fundi með stjórnendum þegar við á

Gestalistamenn og rannsakendur

Gestir gegna hlutverki sambærilegu við „artist-in-residence“, en geta einnig verið sérfræðingar á öðrum sviðum. Þeir:

- Dvelja í skólanum tímabundið og deila eigin faglegri reynslu
- Taka þátt í skólastarfi með fyrirlestrum, samtölum, vinnustofum eða sýningum
- Styðja við menntun, sköpun og samfélagsþróun skólans
- Vinna að eigin listsköpun eða rannsóknum

Skrifstofupjónusta Austurlands (Skrifa) sér um bókhald fyrir skólann. Ársreikningar og endurskoðun er í höndum KPMG.

Allt starfsfólk, og aðrir sem taka þátt í starfi skólans, skulu þekkja og fylgja siðareglum LungA-skólans.

4.1 Nemendaráð og starfsnemar

Starfsnemar og fulltrúar nemendaráðs eru ekki starfsmenn en koma að starfi skólans með skipulögðum hætti

Starfsnemar

- Eru tengiliðir milli heimavistar og starfsfólks.
- Hafa umsjón með morgunverði og húsfundum
- Fylgjast með velferð þátttakenda og koma upplýsingum áfram eftir þörfum
- Fylgja siðareglum skólans

Nemendaráð

Nemendaráð LungA-skólans er kosið úr hópi þátttakenda og skal skipað að lágmarki tveimur fulltrúum úr hverri línu. Hlutverk þess er að:

- Taka þátt í skipulagi og framkvæmd skólastarfs
- Miðla sjónarmiðum og hagsmunum þátttakenda til stjórnenda
- Stuðla að lýðræðislegum vinnubrögðum innan skólans
- Vinna að velferð þátttakenda
- Taka þátt í mótun skólareglna
- Taka þátt í undirbúningi og framkvæmd félagslífs
- Skipuleggja viðburði, ræða reglur og bæta andrúmsloft
- Vera málsvari þátttakenda og efla tengsl þeirra við samfélagið á Seyðisfirði
- Tilnefna fulltrúa á stjórnarfundi eftir þörfum
- Fá aðstöðu og stuðning til starfa
- Fylgja siðareglum LungA-skólans
- Árleg starfsáætlun

5. Árleg starfsáætlun

5.1 Starfstími skólans

Námsbrautir LungA-skólans standa yfir í 84 daga hver. Skólaárið hefst á haustönn sem lýkur fyrir júl, og vorönn hefst eftir áramót. Það eru ekki haust- eða vetrarfrí.

LIST og LAND brautirnar fara hvor um sig fram á einni önn, en tímasetningar þeirra eru hliðraðar til að nýta betur aðstöðu og tækifæri til útivistar. LAND-brautin hefst sex vikum fyrr á hausti og sex vikum seinna á vori til að hámarka tengingu við náttúru og aðstæður.

Tímasetningar anna veturinn 2025/6:

LIST haust 2025: 22. sept. - 14. des 2025

LIST vetur/vor 2026: 5. jan. - 29. mars 2026

LAND braut mun ekki fara fram vorið 2026. Stefnt er að því að hún verði kennd haustið 2026.

5.2 Innritun og inntökuskilyrði

Opið er fyrir umsóknir að minnsta kosti sex mánuðum fyrir upphaf hverrar námslotu.

Til að tryggja sem dýrmætasta námsreynslu fyrir þátttakendur er inntökuferlið hannað þannig að umsækjendur ígrundi eigin hvata og meti hvort LungA-skólinn sé réttur vettvangur fyrir þau. Þátttaka í náminu krefst ákveðinnar skuldbindingar.

Inntökuferlið byggist á tveimur meginþáttum:

- Skil á umsóknarefni
- Einstaklingsviðtöl við umsækjendur

Umsóknarefnið er hannað þannig að umsækjandi geti tjáð eigin hvatir til þátttöku á þann hátt sem þeim hentar best, t.d. í gegnum texta, myndband, eða listaverk. Viðtöl eru nýtt til að fá dýpri skilning á umsækjanda og sem viðbót við mat á þátttökuhæfni.

Við mat á umsóknum er tekið mið af eftirfarandi:

- Forgangur er veittur íslenskum umsækjendum
- Engin formleg skilyrði eru sett um fyrri menntun eða reynslu
- Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri við upphaf náms
- Leitast er við að mynda fjölbreyttan hóp með tilliti til kyns, aldurs, bakgrunns og reynslu
- LungA-skólinn er skyldugur að forgangsraða þátttakendum á aldrinum 18 til 25 ára, þar sem hlutverk lýðskóla er fyrst og fremst að undirbúa nemendur fyrir lífið. Hins vegar þýða einstaklingsbundnar aðstæður oft að þú gætir haft eða þurft mismunandi lífsreynslu á mismunandi tímum. Við erum einnig meðvituð um mikilvægi símenntunar og ávinningin af fjölbreyttum nemendahóp. Ef þú ert að sækja um hjá okkur og verður eldri en 25 ára við innritun, vinsamlegast láttu fylgja með rökstuðning í umsókn þinni.

Fjölbreytileiki er mikilvægur þáttur í námi og styður við samvinnu, skoðanaskipti og jafningjanám.

Brautarstjórar bera ábyrgð á vali og inntöku þátttakenda í hverja námsbraut, í samráði við skólastjóra ef þörf krefur.

5.3 Skólagjöld

Þátttakendur greiða fyrir tiltekna námslotu í LungA-skólanum. Í verðinu felst kennsla, vinnustofur, hádegis- og kvöldmatur á virkum dögum, 12 vikna dvöl á heimavist, námsefni og annar nauðsynlegur búnaður sem tengist vinnustofum og verkefnum. Engin önnur gjöld eru innheimt af hálfu skólans. Skólagjöld eru auglýst á heimasíðu skólans.

5.4 Starfsmannafundir

Almennir starfsmannafundir eru haldnir í upphafi hverrar annar. Öllum starfsmönnum skólans er heimilt að sitja þessa fundi. Skólastjóri boðar til funds og leggur fram dagskrá.

Aukafundir eru haldnir reglulega á meðan á skólastarfi stendur. Þar með talið eru daglegir morgunfundir starfsfólks fyrir morgunsamverur.

Tveir matsfundir eru haldnir í lok hverrar annar eða strax að henni lokinni:

- Fyrri fundurinn er fyrir brautarstjóra, skólastjóra og verkefnastjóra.
- Seinni fundurinn er með fulltrúum nemenda (nemendaráði), skólastjóra og verkefnastjóra.

Eftir þörfum getur skólastjóri einnig fundað með starfsmönnum, gestum eða verkstjórnendum ef brautarstjórar eru fjarverandi eða nauðsyn krefur.

Eftir þörfum, eða ef brautarstjórar komast ekki, getur skólastjóri einnig haldið fundi með starfsmönnum, gestum eða gestaleiðbenendum. Þessi ferli styðja við stöðuga gæðastjórnun með jafningjamati (sjá kafla 7: Gæðastjórnun og innra mat).

Þessir fundir eru nýttir til að meta starfsemi skólans, verkferla og ramma hverrar námsbrautar, og til að skýra ábyrgðarsvið hvers starfsmanns, hvort að markmiðum hafi verið náð og hvernig bæta megi verkferla.

Starfsmenn skólans taka þátt í samstarfi við aðrar stofnanir, samtök og verkefni bæði á Íslandi og erlendis. Sú reynsla er lykilþáttur í að veita LungA-skólanum víðtæka sýn á menntun og starfshætti á sviði listar og náttúru.

6. Skólabragur

LungA-skólinn er staðsettur á Seyðisfirði á Austurlandi þar sem aðstaða skólans og tengsl hans við bæjarfélagið spila veigamikið hlutverk í starfseminni. Skólinn er heimavistarskóli og þátttakendur í LIST og LAND brautunum búa saman yfir námstímann, sem er mikilvægur hluti þess að byggja upp samfélag og sameiginlega menningu.

Skólinn nýtir fleiri staði fyrir vinnustofur og viðburði og fléttast þessar aðstæður beint inn í námskrána. Þátttakendur hýsa gestalistamenn og gestir hýsa námskeið, og þessi gagnkvæma gestrisni styrkir forvitni, samveru og námsaðstæður byggðar á virðingu.

LungA-skólinn stuðlar að menntunar umhverfi þar sem allir hafa vægi og áhrif. Litið er á menntun sem ævilangt ferli þar sem allir, hvort sem þeir eru tímabundnir þátttakendur eða fastir starfsmenn, eru nemendur og leiðbeinendur í senn.

Skólinn leggur áherslu á samkennd, samvinnu, jafnrétti og þróun félagslegrar meðvitundar og réttlætis. Skólastarf rís beint upp úr þessum gildum. Sem listamiðaður lýðskóli er LungA-skólinn vettvangur fyrir tilraunir í aðferðum, hugsun og tilveru með það að markmiði að efla, hrista upp í og umbreyta hugmyndum okkar um fagurfræði, nám, skynjun og dómgreind.

LungA-skólinn lítur á listina sem leið til að spyrja og móta hvernig við upplifum heiminn. Þess vegna eru umhverfið og náttúran, kyngervi og líkamleiki, tækni, hlutir og auðlindir, og spenna á milli þessara þátta meðvitað hluti af námsumhverfinu og mótað í verkum með samtali, tilraunum og ígrundun.

Sem skóli styður LungA-skólinn við og eflir menningarlega og listræna þróun og skapar rými fyrir skapandi aðferðir sem eru nærandi og ekki alltaf hægt að ramma inn. Markmið skólans er að hlúa að sjálfsvitund, dýpri skilningi á heiminum og hæfni til að vinna skapandi að breytingum.

Á meðan á hverri námslotu stendur þróa þátttakendur hæfni sína til að taka virkan þátt í samfélagi - í gegnum túlkun sína á LIST eða LAND sem skapandi og félagslegt ferli - og þannig fá þeir verkfæri til að velta upp, umbreyta og ögra samfélaginu í átt að öðrum hugsanlegum veruleikum. LungA-skólinn viðurkennir að sérhver hópur þátttakenda skapar nýja útgáfu af skólanum með eigin persónuleika og hæfni, sem getur umbreytt því hvað skólinn er og hvað hann getur orðið.

7. Gæðastjórnun og innra mat

Gæðastarf LungA-skólans byggir á sífelldri ígrundun, reglulegri greiningu á starfsemi og virku samtali milli þátttakenda, starfsfólks og annarra hagsmunaaðila. Markmið gæðastarfsins er að tryggja að námið og skólasamfélagið séu í stöðugri þróun og í samræmi við stefnu skólans, lög og reglugerðir um lýðskóla, aðalnámskrá framhaldsskóla og viðmið ráðuneytisins um innra mat.

Gæðamat skólans hefur tvíþætt hlutverk: annars vegar að viðhalda og efla þá þætti sem vel ganga og hins vegar að styðja við umbætur þar sem þörf er á.

7.1 Skipulag og framkvæmd innra mats

Innra mat LungA-skólans er samofið daglegu starfi og byggist á:

- Samfelldu samtali milli þátttakenda og starfsfólks
- Reglulegum leiðbeinenda- og stjórnendafundum
- Einstaklingsviðtölum við þátttakendur og starfsfólk
- Miðannarfundum og lokayfirferð eftir hverja námslotu
- Persónulegri endurgjöf, bæði formlegri og óformlegri
- Fyrir utan skrifstofu skólans er póstkassi þar sem er hægt að koma á nafnlausum ábendingum sem nemendur eru hvattir til að nýta sér.

Við lok hvernar annar eru haldnir tveir yfirferðarfundir:

1. **Faglegur yfirferðarfundur** með skólastjóra og brautarstjórum þar sem farið er yfir námskrá, skipulag, fjármál og faglega þróun.
2. **Samráðsfundur með þátttakendum**, þar sem fulltrúar nemendaráðs, skólastjóri og verkefnastjóri ræða skólapátttöku, námsupplifun, samfélagsleg tengsl og velferð.

Matið byggist á fjölbreyttum aðferðum, svo sem:

- Sjálfsmati þátttakenda og starfsfólks
- Rýnihópum og jafningjamati innan starfsliðs
- Viðtölum við gestaleiðbeinendur og samstarfsaðila
- Endurgjöf frá íbúum bæjarins
- Tölulegum gögnum (t.d. fjöldi umsókna, þátttaka, brotthvarf)

7.1.1 Skólaskýrsla og árlegt innra mat

Í lok hvernar annar er unnin skólaskýrsla (School Report) sem er formlegt skjal og byggir á fyrirfram ákveðnum viðmiðum. Skýrslan er unnin af skólastjóra í samráði við brautarstjóra og

inniheldur jafnframt niðurstöður úr endurgjöf þátttakenda. Skýrslan er hluti af árlegu sjálfsmati skólans, sem tekur einnig til fjármála, húsnæðismála og langtímaþróunar.

Skólaskýrslan tekur til eftirfarandi þátta:

- Samræmi við gildi LungA-skólans: Hvernig náði önnin markmiðum skólans?
- Nám og velferð þátttakenda: Hvað gekk vel og hvar voru áskoranir?
- Íhlutanir: Hvaða aðgerðir voru framkvæmdar og hvernig brugðust þær við vanda?
- Gestir og samstarf: Upplifun gestaleiðbeinenda og samstarfsaðila
- Jafningjamat: Hvar var samstarfsfólk okkar framúrskarandi, tók þátt í þróun og hvað lærðum við af hvort öðru?
- Nýting fjármuna og aðstöðu: Hvernig voru úrræði nýtt og af hverjum?
- Dagleg atvik: Minniháttar mál sem þarf að skoða nánar
- Í þágu stöðugrar þróunar skólans: Hvað er nýtt og gæti verið gagnlegt að innleiða í framtíðinni?
- Aðrir þættir: Kerfi, verklag, samstarf og umbótatækifæri
- **Eftirlit með umbótaáætlun síðasta skólaárs:** Hvaða aðgerðum var hrundið af stað, hvað tókst og hvað þarfnast frekari eftirfylgni?

7.1.2 Umbótaáætlun

Hver skólaskýrsla inniheldur umbótaáætlun með eftirfarandi þáttum:

- Hvað þarf að bæta (umbótapáttur)
- Markmið umbóta
- Aðgerðir til úrbóta
- Tímaáætlun
- Ábyrgðaraðili
- Viðmið um árangur og áætlun um endurmat

Umbótaáætlunin byggir á niðurstöðum annarinnar og greiningu á því hvernig til tókst með umbótamarkmið fyrra skólaárs. Þannig er tryggt að skólinn læri af eigin framkvæmd og haldi

áfram að þróast á grundvelli fyrri reynslu. Umbótaáætlunin er samþykkt af skólastjórn og tekin til umræðu á starfsmannafundi við upphaf næstu annar.

7.1.3 Gagnsæi, varðveisla og dreifing

- Skýrslur og gögn eru varðveitt í samræmi við lög um persónuvernd og opinber skjalavistun.
- Lykilniðurstöður eru kynntar fyrir starfsfólki og þátttakendum.
- Opinberar útgáfur matsniðurstaðna birtar á vef LungA-skólans (án persónugreinanlegra upplýsinga).

7.1.4 Samstarf og ytra mat

Skólinn tekur þátt í ytra mati þegar það á við, til dæmis að beiðni menntayfirvalda eða í tengslum við samstarfsverkefni á borð við Erasmus+. Slík utanaðkomandi greining og ráðgjöf er nýtt til að styðja við innra mat og faglega þróun. LungA-skólinn hefur jafnframt virkt samstarf við aðra lýðskóla og menntastofnanir, bæði innanlands og erlendis, þar sem miðlað er reynslu, þekkingu og aðferðum sem nýtast í gæðastarfi skólans.

8. Námsleiðir

LungA-skólinn býður upp á tvær námsleiðir: LIST og LAND. Báðar leiðir byggja á lýðskólahugmyndum og leggja áherslu á skapandi, reynslumiðað og samfélagslega tengt nám. Námið er án einkunna og felur ekki í sér formlegt próf eða námsmat, heldur byggist á þátttöku, sjálfsmati og leiðsögn. Skólinn styðst við viðmið aðalnámskrár framhaldsskóla og lög um lýðskóla, og miðar að persónulegum þroska, sjálfstæði og samfélagsmeðvitund þátttakenda.

Fyrsta námslotan fór fram árið 2014 og bar heitið "84". Árið 2023 var sú námsleið endurnefnd LIST og ný námsbraut, LAND, hófst eftir þróunarannir (BETA) árin 2021 og 2022.

Hver námsönn er mótuð af tveimur brautarstjórum og byggir skipulagið á samþættri námskrá sem styður við tengingu ólíkra greina, þar á meðal lista, vísinda, vistfræði, hugvísinda, samfélagsfræða, sjálfbærni og samlífs.

Yfirlit námsleiða

- **LIST:** 12 vikna listræn námsleið með áherslu á skapandi tjáningu og fjölbreytta miðla
- **LAND:** 12 vikna náttúru- og samfélagsmiðuð leið með áherslu á tengsl við land, tengsl mannsins í náttúru og samfélag

Sameiginlegar áherslur

- Sköpun, sjálfstæði og lýðræðisleg þátttaka
- Heildstæð nálgun þar sem tengd eru saman listir, samfélag, sjálfbærni, náttúra og sjálfsþekking
- Námið skiptist í námskeiðsvikur með gestaleiðbeinendum og praxís-/að vera vikur þar sem þátttakendur vinna sjálfstætt eða í hópum að eigin verkefnum

8.1 LIST / ART

LIST er ætluð þeim sem vilja þróa listsköpun sína áfram, efla persónulega listræna sýn og/eða takast á við nýjar aðferðir og miðla. Námsbrautin leggur áherslu á sjálfstæða listsköpun drifna áfram með rannsóknum og veitir þannig verðmæta færni í skapandi og gagnrýnni hugsun, sjálfstæðum vinnubrögðum, tímastjórnun, framkomu og framsetningu og skapandi notkun tjáningarforma og nýtingu efnis og tækni.

Markmið: Að efla færni og meðvitund þátttakenda í:

- skapandi og listrænu ferli, bæði í einstaklings- og hópavinnu
- tjáningu með fjölbreyttum miðlum og aðferðum
- skilningi á hlutverki listar í menningu og samfélagi

Skipulag:

- 5-6 námskeiðsvikur þar sem gestaleiðbeinendur leiða vinnustofur
- Praxís vikur þar sem þátttakendur vinna að eigin verkefnum
- Leiðsögn veitt af brautarstjórum, gestaleiðbeinendum og gestalistamönnum

Námskeiðsvikur: Námskeiðsvikur eru vikulöng tímabil þar sem boðið er upp á val um tvær vinnustofur sem þátttakendur skrá sig í. Vinnustofurnar eru leiddar af gestaleiðbeinendum sem eru starfandi listamenn, fræðimenn eða aðrir sérfræðingar. Hver vinnustofa byggir á faglegu starfi gestaleiðbeinendum og styður við markmið námsleiðarinnar. Áhersla er lögð á að skapa öruggt rými fyrir tilraunir, samvinnu og persónulega sköpun.

Viðfangsefni námskeiða eru m.a. hljóðlist, myndlist, innsetningar, ritlist, gjörningar, kvikmyndagerð, þverfagleg samstarfsverkefni. Lögð er áhersla á að þátttakendur þrói bæði persónulega og sameiginlega sýn í listsköpun sinni. Námskeiðin eru ekki þau sömu frá önn til annar, en öll eru þau skipulögð innan ramma námskrár og stuðla að hæfnipróun þátttakenda í sköpun, sjálfbærni, samfélagsvitund og persónulegri virkni.

Praxís vikur: Praxís vikur eru kjarninn í sjálfstæðu og skapandi námi þátttakenda. Þær veita rými fyrir dýpri vinnu, ígrundun og þróun eigin verkefna. Þátttakendur setja sér markmið og vinna að verkefnum sem tengjast áhugasviði þeirra og reynslu. Vikan getur falið í sér hugmyndavinnu, rannsókn, sköpun, tilraunir, uppsetningu viðburða, dagbókarskrif eða samtöl.

- Vinna að eigin listsköpun, samvinnuverkefnum og/eða rannsókn
- Ígrundun, tilraunir, sýningar eða dagbókarskrif
- Sjálfsmat og regluleg leiðsögn hluti af ferlinu

Leiðsögn og stuðningur: Þótt þátttakendur beri meginábyrgð á námi sínu í praxís vikum, fá þeir reglulega leiðsögn frá brautarstjórum, starfsnemunum og gestum eftir þörfum. Leiðsögn byggir á samtali og endurgjöf og hjálpar þátttakendum að móta og skýra verkefni sín. Mikilvægt er að þátttakendur upplifi eigið nám sem merkingarbært og í tengslum við umhverfi sitt.

Þessar vikur eru mikilvægt rými til dýpkunar og samþættingar náms, og styðja við færniþróun á eftirfarandi sviðum í samræmi við grunnstoðir aðalnámskrár:

- sjálfstjórn og ábyrgð
- sjálfbær hugsun og lífnaðarhættir
- tjáning og sköpun
- meðvitund um samfélag, náttúru og tíma

Nemendafjöldi: Hámark 18 þátttakendur

Uppbygging annar:

- Vika 1: Kynningarvika.
Inngangur að starfi skólans og aðlögun að nýju námsumhverfi. Farið er yfir öryggismál, vinnurými, aðstöðu og hópefli.
- Vikur 2-11: Námskeiðsvikur og praxís vikur
- Vika 12: Lokavika með samantekt, sjálfsmati og undirbúningi heimferðar

8.1.1 Námskeið við LIST

Námið á LIST línu byggist á hugmyndum um opið, skapandi og þátttökumiðað nám þar sem áhersla er lögð á rannsókn, tilraunir og persónulega þróun í gegnum listasköpun. Námskeiðin eru fjölbreytt að formi og inntaki og eru kennd af starfandi listamönnum víðsvegar að úr heiminum. Hver listamaður kemur með sína eigin nálgun, aðferðafræði og viðfangsefni og því er hvert námskeið einstakt og aldrei það sama frá einni önn til annarrar.

Þátttakendur velja sér námskeið úr dagskrá hvernar annar, en þar sem ekki er tími fyrir allt þarf hver og einn að forgangsraða út frá eigin áhuga og markmiðum. Einnig eru styttri fyrirlestrar, listamannakynningar og aðrir viðburðir fléttaðir inn í námið. Auk formlegra námskeiða eiga þátttakendur kost á að taka þátt í umræðum, leshópum, tilraunaverkefnum og viðburðum sem þau skapa sjálf. Þar myndast rými fyrir dýpri tengingu við námið, óformlega sköpun og þverfaglega samvinnu. Þannig þróast námsumhverfið áfram sem lifandi samtal milli þátttakenda, listamanna og fjarðarins.

Þótt námskráin lýsi kjarnaviðfangsefnum og uppbyggingu hvers námskeiðs, er mikilvægt að hafa í huga að hver önn í LungA skólanum er einstök. Námið mótast í takt við árstíðir, aðstæður, hópsamsetningu og samstarf við listamenn, fræðafólk og aðra leiðbeinendur sem koma víða að.

Því eru námskeiðin sett fram með opnum hætti sem ramma eða viðmið fremur en föstum kennsluáætlunum. Þessi sveigjanleiki er hluti af námsstefnunni og tryggir að hægt sé að bregðast við nýjum hugmyndum, forvitni þátttakenda og skapandi tækifærum sem spretta upp í rauntíma.

Þótt námsleiðir fylgi að jafnaði uppsetningunni hér að neðan, áskilja brautarstjórar sér rétt til að gera breytingar á námskeiðum í samræmi við þarfir þátttakenda og framboð leiðbeinanda í samráði við skólastjóra.

Að koma saman

Markmið:

Að bjóða þátttakendur velkomna, mynda traust innan hópsins og leggja grunn að samfélagi þar sem allir taka þátt. Að kynna umhverfi, fólk og sögu Seyðisfjarðar og virkja þátttakendur til að setja sér markmið og sameiginlegar væntingar.

Lengd: 4 dagar

Námskeiðslýsing:

Í þessari fyrstu viku er áhersla lögð á hópefli, samveru og að byggja öryggi og traust innan hópsins. Þátttakendur kynnast staðnum og samfélaginu á Seyðisfirði í gegnum gönguferð, sögur, viðtöl og skapandi nálganir. Unnið er með spurningar eins og: Hvernig viljum við búa saman? Hvernig viljum við vinna saman? Hvað vonumst við eftir frá náminu og sjálfum okkur? Kynnt eru helstu rými og verkferlar skólans, og markmiðasetning fer fram bæði á persónulegum og hópgrunni.

Hæfni í lok námskeiðs:

- Geta átt þátt í mótun samfélags með öðrum
- Meðvitund um eigið hlutverk í samveru og samvinnu
- Grunnþekking á samfélaginu á Seyðisfirði
- Setning persónulegra markmiða
- Aukið traust, tengsl og öryggi innan hópsins

Praxís-vikur

Markmið:

Að rækta sjálfstæða vinnu, ígrundun og tilraunakennda nálgun þátttakenda á eigin hugmyndir og áhugasvið. Að efla traust til eigin sköpunar, ábyrgðar ákvarðanatöku og innri hvata í skapandi námi.

Lengd: 4 vikur

Námskeiðslýsing:

Praxís-vikur eru dreifðar yfir önnina og mynda kjarna sjálfstæðrar og persónulegrar verkefnavinnu þátttakenda. Hver og einn setur sér markmið og velur viðfangsefni út frá eigin áhuga, spurningum eða rannsóknum. Vinnan getur tekið á sig ýmsar myndir: hugmyndavinna, efnisrannsókn, dagbókarskrif, tilraunir, viðburðahald, textavinna, smíði, hljóð, hreyfing eða samvinna við aðra. Vikan fer fram á forsendum þátttakandans sjálfs, en innan ramma samveru og stuðnings.

Hæfni í lok námskeiðs:

- Geta sett sér raunhæf markmið og fylgt eftir eigin vinnuferli
- Þekking á eigin áhugasviði og aðferðum til að rannsaka og þróa það
- Hæfni í að nýta tíma, rými og úrræði með ábyrgð
- Að leita sér leiðsagnar, byggja á endurgjöf og nýta samtal í sköpunarferli
- Meðvitund um samhengi eigin verka við umhverfi og samfélag

Hljóð, rými og ósýnilegir miðlar

Markmið:

Að örva sköpun með því að rannsaka hljóð, loft, skynjun og hið óefnislega sem miðla í list. Að veita þátttakendum tæki og tækifæri til að þróa verk sem byggja á hlustun, ímyndunarafli

og rými í hreyfingu og breytingu.

Lengd: 1 vika

Námskeiðslýsing:

Í þessu námskeiði er unnið með hljóð í víðum skilningi: sem tilfinningu, skráningu, efni og rými. Þátttakendur læra grunn í hljóðupptökum og hljóðvinnslu, en vinna jafnframt með hljóð sem óhlutbundið form: hvernig það snertir líkama, rými og upplifun. Áhersla er lögð á útvarpsmiðla, hljóðdagbækur, upplestra, gjörninga og staðbundna hljóðrannsókn. Loft, hreyfing, umhverfishljóð og stillingar rýmis eru rannsökuð sem samverkandi þættir. Námskeiðið sameinar tæknilega færni og tilraunakennda listræna hugsun.

Hæfni í lok námskeiðs:

- Færni í upptöku og einfaldri hljóðvinnslu
- Geta beitt ígrundaðri hlustun í skapandi vinnu
- Þekking á hljóði sem skynrænu og listrænu efniviði
- Sköpun eigin hljóðverka, útvarpssendinga eða tilraunakenndra gjörninga
- Meðvitund um áhrif rýmis, lofts og ósýnilegra þátta á upplifun

Hreyfing, nærvera og gjörningur

Markmið:

Að dýpka tengsl þátttakenda við eigin líkama og líkamlega tjáningu sem skapandi afl. Að veita rými fyrir gjörninga, hreyfingu og skynjun sem miðla í list, samveru og rannsókn.

Lengd: 1 vika

Námskeiðslýsing:

Þátttakendur vinna með hreyfingu, líkamsminni, gjörningaform og rými sem hluta af listrænni og persónulegri upplifun. Námið byggir á líkamlegri tilraunastarfsemi, samveru og skynjun. Æfingar og verkefni byggjast á samspili líkama, rýmis og tíma. Áhersla er lögð á nálægð, nærveru og tjáningu með líkamlegum hætti, bæði í lokuðu rými og í landslagi Seyðisfjarðar.

Hæfni í lok námskeiðs:

- Aukinn líkamlegur meðvitund og næmni
- Færni í að þróa gjörninga og sköpun byggða á hreyfingu
- Geta unnið með tíma, rými og líkama sem samtvinnuð miðla
- Skilningur á óhefðbundnum og persónulegum sköpunaraðferðum
- Traust til líkamans sem tæki fyrir tjáningu og tengingu

Samverkun I - V

Markmið:

Að gefa þátttakendum tækifæri til að kynnast fjölbreyttum listformum, verkferlum og heimsmyndum ólíkra listamanna. Að efla hæfni þátttakenda til að tileinka sér nýjar nálganir, ígrunda eigin sköpun og læra í gegnum reynslu, samtal og samvinnu.

Lengd: 5 vikur

Námskeiðslýsing:

Í þessum fimm vikum bjóða ólíkir listamenn eða hópar þátttakendum inn í eigin listræna praxis. Hver listamaður leiðir vikulengt námskeið sem byggist á þeirra aðferðafræði, viðfangsefnum og miðlum. Þetta geta verið verkstæði í dansi, texta, rými, samfélagslist,

hljóð, textíl, tilraunakenndri myndlist eða annars konar nálgun. Þátttakendur fá þannig að prófa nýjar aðferðir, spyrja spurninga og þróa verk í samtali við gesti og aðra þátttakendur. Vikurnar eru dreifðar yfir önnina og nemendur velja sjálfir í hvaða og hversu mörgum vikum þeir taka þátt.

Hæfni í lok námskeiðs:

- Reynslu af fjölbreyttum listformum og aðferðum
- Geta lært af öðrum og lagað eigin hugmyndavinnu að nýju samhengi
- Þróun eigin tjáningar og nálgunar í listrænu samhengi
- Aukinn sveigjanleiki og vili til tilrauna í listsköpun
- Þátttaka í skapandi samveru og tilbrigðum listamiðla

Rými

Markmið:

Að skapa djúpa tengingu við náttúru og eigin líkama, raska venjubundinni rútínu og opna fyrir ígrundun, hlustun og einfaldleika í sameiginlegu rými.

Lengd: 1 vika

Námskeiðslýsing:

Þessi vika fer fram utan venjulegra vinnurýma skólans þar sem þátttakendur dvelja saman. Áhersla er lögð á hægari takt, kyrrð, hreyfingu, matargerð, líkamsvitund og samveru. Samtöl, samvera og tilraunir með einföld efni eða aðferðir verða hluti af ferðalaginu. Vikan er ekki hönnuð til að „skila afurð“ heldur til að rækta rými fyrir endurmat, tengingu og nýja sýn á sköpun og samfélag.

Hæfni í lok námskeiðs:

- Aukin meðvitund um eigin líkamlegu og tilfinningalegu þarfir
- Geta hlustað og tengst umhverfi og öðrum af virðingu og næmi
- Skilningur á mikilvægi rýmis, hægðar og takts í námi og sköpun
- Reynsla af að búa til samfélag í nýju samhengi utan hefðbundinna rýma
- Færni til að vinna með einföld efni, náttúru og nærveru sem skapandi afl

Kynning á prentverkstæði

Markmið:

Að gera þátttakendum kleift að nýta prentverkstæði skólans á sjálfstæðan og öruggan hátt í gegnum önnina.

Lengd: 1 dagur

Námskeiðslýsing:

Þetta stutta námskeið kynnir helstu aðferðir, efni og reglur prentverkstæðisins. Þátttakendur fá leiðsögn í meðferð verkfæra, vinnslu ferla (t.d. lino, mono eða risógraf prentun) og hvernig umgengni við rýmið fer fram. Áhersla er lögð á sjálfstæða notkun, verkferla og hvernig þátttakendur geta þróað eigin verkefni í prenti. Námskeiðið er bæði hagnýtt og skapandi - og veitir þátttakendum aðgang að prentverkstæðinu eftir það.

Hæfni í lok námskeiðs:

- Færni í notkun helstu prentaðferða og tækja í verkstæðinu
- Skilningur á öryggi, umgengni og verkferlum í rýminu

- Sjálfstæði í að skipuleggja og framkvæma eigin prentverk
- Vitund um hvernig prentun getur nýst sem hluti af persónulegri listsköpun

Punktur

Markmið:

Að skapa rými fyrir þátttakendur til að ljúka eigin námi á eigin forsendum, með því að draga saman reynslu, ferli og sköpun í lok vikunnar hvort sem það er sýnilegt eða persónulegt.

Lengd: 1 vika

Námskeiðslýsing:

Við lok annarinnar snýr vinnan að ígrundun, undirbúningi og mögulegri miðlun afurða námsins. Þátttakendur ákveða sjálfir hvernig þeir vilja skilja við skólann og eiga kost á að deila verkum, hugmyndum eða upplifunum í sameiginlegu rými. Oft endar vikan með samkomu, sýningu eða viðburði sem mótast af hópnum, en ekkert form er fyrirfram gefið. Hvatt er til þess að styðjast við eigin markmið úr praxísvikum og eigin áherslur. Þátttaka getur tekið á sig ýmsar myndir, frá því að sýna verk til þess að búa til rými fyrir hlustun, þögn eða samtal.

Hæfni í lok námskeiðs:

- Geta dregið saman eigin ferli í formi sem endurspeglar viðkomandi
- Hæfni til að meta eigin þróun og tjá innsýn, með eða án afurðar
- Samvinna og hlustun í skipulagi sameiginlegrar samveru

Að fara

Markmið:

Að ramma inn lok skólans með tiltekt, ígrundun, kveðju og meðvitund um það sem þátttakendur vilja varðveita, sleppa eða taka með sér út í næsta kafla lífsins.

Lengd: 1 vika

Námskeiðslýsing:

Í þessari viku færast takturinn yfir í umhyggju fyrir rýmum sem við höfum deilt, bæði hinum ytri og innri. Þátttakendur fá tækifæri til að hugsa um hvernig þeir vilja geyma og skilja við það sem varð til í LungA, bæði í formi minninga, verka, tengsla og hugmynda. Vikan inniheldur samveru, kveðjur, tiltekt, yfirferð, ritun og jafnvel litlar athafnir eða siði tengda kveðju.

Hæfni í lok námskeiðs:

- Færni til að yfirfæra nám og reynslu yfir í daglegt líf og framtíð
- Meðvitund um mikilvægi tengsla, minninga og kveðju
- Geta tekið ábyrgð á rýmum og umgengni

8.2 LAND

LAND er ætlað þeim sem vilja dýpka tengsl sín við náttúru, samfélag og sjálfa/n sig, efla meðvitund um sjálfbærni og lífnaðarhætti í samhljómi við umhverfið. Námsbrautin byggir á verklegu og reynslumiðuðu námi þar sem áhersla er lögð á samveru, skynjun, tilraunir og þátttöku. Þátttakendur öðlast dýrmæta færni í samvinnu, athugun og ígrundun, skapandi hugsun, sjálfbærum og hagnýtum vinnubrögðum og meðvitaðri tengingu við náttúru og nærumhverfi.

LAND braut mun ekki vera kennd vorið 2026. Stefnt er að því að hún verði kennd haustið 2026.

Markmið: Að efla færni og meðvitund þátttakenda í:

- Að lifa og læra í tengslum við náttúru, samfélag og eigin reynslu
- tengslum við land, efnisheim og líkama í gegnum skynjun, hreyfingu og íhugun
- samfélagsmeðvitund, samveru og hlutverk einstaklings í vistkerfi og samfélagi

Skipulag:

- 6-10 námskeiðsvikur þar sem gestaleiðbeinendur leiða vinnustofur
- 'Að vera' vikur tileinkaðar sjálfstæðu námi og tengslum við náttúru, samfélag og innra rými
- Leiðsögn veitt af brautarstjórum, rannsakendum og gestaleiðbeinendum

Námskeiðsvikur: Vikur þar sem gestaleiðbeinendur bjóða þátttakendum að taka þátt í rannsóknum, tilraunum eða skapandi vinnu byggða á sérfræðipækkingu þeirra. Viðfangsefni byggja á náttúru- og samfélagsmiðaðri nálgun og miða að dýpkun vistfræðilegrar meðvitundar og sköpunar í samhengi við umhverfi. Gestaleiðbeinendur eru valdir með hliðsjón af faglegri sérþekkingu og hæfni til að leiða skapandi og reynslumiðað nám. Þeir eru starfandi listamenn, hönnuðir, fræðimenn, útivistarleiðbeinendur eða aðrir sérfræðingar sem bjóða þátttakendum að taka þátt í eigin vinnu eða vinna út frá henni.

Námskeið í LAND-línu miða að því að efla umhverfisvitund, efnislega næmni og tengsl við náttúru og stað. Viðfangsefni LAND námskeiða eru t.d. náttúrutengdar athafnir, sjálfbær matargerð, vistheimspeki, göngu- og vettvangsferðir, útlíf og fjallamennska, efnisvinna og íhugun í landslagi.

Námskeiðin eru ekki þau sömu frá önn til annar, en öll eru þau skipulögð innan ramma námskrár og stuðla að hæfnipróun þátttakenda í sköpun, sjálfbærni, samfélagsvitund og persónulegri virkni.

Að vera vikur: Þátttakendur vinna að þróun eigin „veru“ - það er að segja tengingu við stað, samfélag, líkama og náttúru. Lögð er áhersla á íhugun, hreyfingu, nánun tengslum við umhverfi og efni, og samveru sem styrkir félagslega og vistfræðilega meðvitund. Að vera vikur fela oft í sér göngur, ígrundun, dagbókarskrif, athuganir eða efnisvinnu.

Stuðningur og leiðsögn:

Þátttakendur bera að mestu ábyrgð á eigin námi í þessum vikum, en fá leiðsögn frá

brautarstjórum og/eða rannsakendum og gestaleiðbeinendum eftir þörfum. Markmiðin eru sett af þátttakendum sjálfum með aðstoð leiðbeinenda þar sem við á. Regluleg samtöl og endurgjöf eru hluti af námsrammanum.

Þessar vikur eru mikilvægt rými til dýpkunar og samþættingar náms, og styðja við færniþróun á eftirfarandi sviðum í samræmi við grunnstoðir aðalnámskrár:

- sjálfstjórn og ábyrgð
- sjálfbær hugsun og lífnaðarhættir
- tjáning og sköpun
- meðvitund um samfélag, náttúru og tíma

Nemendafjöldi: Hámark 16 þátttakendur

Uppbygging annar:

- Vika 1: Kynningarvika. Inngangur að starfi skólans og aðlögun að nýju námsumhverfi. Farið er yfir öryggismál, vinnurými, aðstöðu og hópefli.
- Vikur 2-11: Námskeiðsvikur og að vera vikur
- Vika 12: Lokavika. Unnið er að samantekt á námi og undirbúningi þátttakenda fyrir heimför. Lögð er áhersla á yfirsýn og sjálfsmat.

Inn í þessar lotur eru gönguferðir eða vettvangsferðir eftir veðri og aðstæðum, sem eru nýttar til skapandi vinnu, lesturs og íhugunar. Einnig má gera ráð fyrir viðburðum tengdum menningarlegum tilefnum eða viðburðum eftir því hvað er um að vera hverju sinni.

8.2.1 Námskeið við LAND

LAND línan byggir á reynslumiððu og verklegu námi þar sem þátttakendur dýpka tengsl sín við náttúru, efni, samfélag og sjálf sig. Í náminu eru námskeið, vettvangsferðir, „að vera“ vikur og rými fyrir samveru, athugun og einfaldleika. Hópurinn fer í gegnum önnina saman en hver þátttakandi velur sér eigin takt og leggur áherslu á það sem vekur forvitni og tengingu.

Innan ramma námsins gefst tækifæri til að velja úr ýmsum verkefnum, viðburðum og aðstæðum. Þátttakendur læra í gegnum athöfn, samtal, tilraunir og skynjun, og móta sinn eigin lærdóm í samvinnu við hópinn. Fyrirlestrar, göngur, heimsóknir, leshópar og styttri námskeið fléttast inn í önnina eftir áherslum hverju sinni. Engin önn er eins.

Leiðbeinendur á LAND línu eru bændur, listamenn, handverksfólk, leiðsögumenn, útivistarfólk og fræðarar sem deila verkfærum sínum, aðferðum og þekkingu með þátttakendum. Þótt námskráin lýsi kjarnaviðfangsefnum og uppbyggingu hvers námskeiðs, er mikilvægt að hafa í huga að hver önn í LungA skólanum er einstök. Námið mótast í takt við árstíðir, aðstæður, hópsamsetningu og samstarf við listamenn, fræðafólk og aðra leiðbeinendur sem koma víða að.

Því eru námskeiðin sett fram með opnum hætti sem ramma eða viðmið fremur en föstum kennsluáætlunum. Þessi sveigjanleiki er hluti af námsstefnunni og tryggir að hægt sé að bregðast við nýjum hugmyndum, forvitni þátttakenda og skapandi tækifærum sem spretta upp í rauntíma.

Pótt námsleiðir fylgi að jafnaði uppsetningunni hér að neðan, áskilja brautarstjórar sér rétt til að gera breytingar á námskeiðum í samræmi við þarfir þátttakenda og framboð leiðbeinenda í samráði við skólastjóra.

Að koma saman

Markmið:

Að bjóða þátttakendur velkomna, skapa traust í hópnum og leggja grunn að sameiginlegu samfélagi og samveru. Að kynnast staðnum, fólkinu og þeim náttúrulega og menningarlega samhengi sem námsárið fer fram í.

Lengd: 4 dagar

Námskeiðslýsing:

Í þessari fyrstu viku er lögð áhersla á hópefli, að byggja öryggi og traust í hópnum og að kynnast staðháttum Seyðisfjarðar. Þátttakendur kynnast samfélaginu, umhverfinu og rýmunum sem þau munu dvelja og vinna í. Það er gert með í gegnum gönguferðir, kynningar, sögur, samveru og samræðu. Unnið er með spurningar á borð við: Hvernig viljum við búa saman? Hvernig viljum við fara um staðinn og náttúruna? Hver eru okkar væntingar og mörk? Markmiðasetning og rýmisvitund eru hluti af undirbúningi annarinnar.

Hæfni í lok námskeiðs:

- Geta átt virkan þátt í að móta samfélag og samveru
- Grunnþekking á samfélagi og landslagi Seyðisfjarðar
- Meðvitund um eigin hlutverk og ábyrgð í hópnum
- Setning persónulegra og sameiginlegra væntinga
- Traust, tenging og aukið öryggi innan hópsins og við umhverfið

Kynning á prentverkstæði

Markmið:

Að gera þátttakendum kleift að nýta prentverkstæði skólans á sjálfstæðan og öruggan hátt í gegnum önnina.

Lengd: 1 dagur

Námskeiðslýsing:

Þetta stutta námskeið kynnir helstu aðferðir, efni og reglur prentverkstæðisins. Þátttakendur fá leiðsögn í meðferð verkfæra, vinnslu ferla (t.d. lino, mono eða risógraf prentun) og hvernig umgengni við rýmið fer fram. Áhersla er lögð á sjálfstæða notkun, verkferla og hvernig þátttakendur geta þróað eigin verkefni í prenti. Námskeiðið er bæði hagnýtt og skapandi - og veitir þátttakendum aðgang að prentverkstæðinu eftir það.

Hæfni í lok námskeiðs:

- Færni í notkun helstu prentaðferða og tækja í verkstæðinu
- Skilningur á öryggi, umgengni og verkferlum í rýminu
- Sjálfstæði í að skipuleggja og framkvæma eigin prentverk
- Vitund um hvernig prentun getur nýst sem hluti af persónulegri listsköpun

Æðardúnsrækt

Markmið:

Að kynnast handverki og umhverfistengdum verkferlum í gegnum þátttöku í æðardúnsrækt

og umhirðu. Að upplifa tengsl við náttúru, fuglalíf og vistkerfi með virðingu, nánd og samveru sem leiðarljós.

Lengd: 1 vika

Námskeiðslýsing:

Þátttakendur taka þátt í æðardúnsrækt og tilheyrandi vinnu. Verkferlarnir byggja á langri hefð og umhyggju fyrir fuglunum og náttúrunni. Vinnan er hægfara, reglubundin og krefst nærveru, þolinmæði og samvinnu. Þátttakendur læra að virða vistkerfið, vinna með dúninn, umgangast fuglana af varfærni og ræða vistkerfi, sjálfbærni og hringrásir í samhengi við mannlíf og náttúru. Einnig skapast rými fyrir skráningu, sköpun og samveru í tengslum við reynsluna.

Hæfni í lok námskeiðs:

- Meðvitund um tengsl dýralífs, mannlífs og vistkerfa
- Þolinmæði, hlustun og nánd við náttúruna sem skapandi og lærdómsrík reynsla
- Reynsla af sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda með virðingu
- Skilningur á hefðum og samveru sem hluta af verkferli

Efni, ferli og umbreyting

Markmið:

Að veita þátttakendum djúpa og skynræna reynslu af ferli þar sem náttúrulegt efni er unnið með höndunum yfir í afurð, í gegnum líkamlega þátttöku, ígrundun og skapandi nálgun.

Lengd: 2-3 vikur

Námskeiðslýsing:

Þessi vika eða vikur snúast um að taka þátt í ferli sem hefst í náttúrunni og leiðir til einhvers - án þess að fyrirfram sé vitað nákvæmlega hvað. Þátttakendur vinna með efni úr umhverfinu, hvort sem það er plöntur, dýr, vatn eða land, og taka þátt í umbreytingu þess: frá hráefni, í gegnum handavinnu, rannsókn og ígrundun, að mögulegri afurð. Verkferlarnir byggja á nærveru, virðingu, þolinmæði og sköpun - og ferlið sjálft er jafn mikilvægt og niðurstaðan. Leiðbeinendur móta vikurnar í samræmi við árstíma, aðstæður og möguleika.

Hæfni í lok námskeiðs:

- Geta fylgt löngu ferli frá náttúrulegum uppruna til afurðar
- Skilningur á vistkerfi, efnisnæmi og uppruna hráefna
- Þolinmæði og færni í verklegri vinnu og umbreytingu efnis
- Virðing fyrir sköpun, tíma og handverki

Að vera vikur

Markmið:

Að veita þátttakendum rými og ábyrgð til að stýra eigin tíma, áherslum og athöfnum - með eða án listræns markmiðs. Að dýpka tengsl við eigin forvitni, takta og þroska innan og utan formlegs náms.

Lengd: 3 vikur (dreifðar yfir önnina)

Námskeiðslýsing:

„Að vera“ vikur eru opnar vikur þar sem þátttakendur stýra sjálfir viðfangsefnum sínum og

dagskrá. Þær eru frelsi til að velja eigin verkefni eða flæði. Þátttakendur geta unnið verklegt, lesið, skrifað, farið í gönguferðir, aflað sér þekkingar, farið í djúpvíðtöl, safnað efni, haft frumkvæði að viðburði, skoðað hugmynd, gert ekki neitt eða hvað annað sem nýtist þeim í eigin þróun. Lögð er áhersla á ábyrgð, virðingu og sjálfstæði. Leiðbeinendur eru til staðar til samtals og stuðnings.

Hæfni í lok námskeiðs:

- Geta sett sér eigin markmið og skapað eigin dagskrá
- Meðvitund um eigin áherslur og þörf fyrir djúpa vinnu eða íhugun
- Sjálfstæði í athöfnum, tímanýtingu og rýmissköpun
- Reynsla af að vinna utan formlegs ramma og móta eigið nám
- Skilningur á margbreytilegum leiðum til þroska og þátttöku

Netagerð

Markmið:

Að kynnst grunnatriðum netagerðar og upplifa handverk sem byggist á takti, snertingu og þolinmæði.

Lengd: 1 dagur

Lýsing:

Þátttakendur læra einfaldar hnútatækni og búa til netmynstur. Verkstæðið byggir á rólegri og meðvitaðri vinnu þar sem efni og hreyfing fara saman. Unnið er út frá hefð, en með opnum möguleikum til sköpunar.

Hæfni:

- Grunnfærni í netagerð og hnútum
- Skilningur á formi og endurtekningu í handverki
- Geta nýtt kunnáttuna til að búa til fjölbreytta hluti úr neti og bandi

Allt á bakinu

Markmið:

Að dýpka tengsl við náttúru, líkama og hóp í gegnum samveru, einfaldleika og rútínu. Að þjálfa sjálfstæði, samvinnu og skynjun í fjarveru daglegrar tækni og í umhverfi þar sem allir þurfa að treysta hvert á annað og sjálfa sig.

Lengd: 1 vika

Námskeiðslýsing:

Í þessari viku fer hópurinn í útivistarferð þar sem gengið er saman og dvalið fjarri daglegu umhverfi. Gist er í fjórar nætur og allt sem þarf er borið með í bakpoka. Ferðin snýst ekki um afrek heldur um það að takast sameiginlega á við einfalda veröld: að ganga, elda, sofa, hlusta og vera. Símar og tækni eru skilin eftir. Samvera með áherslu á að tengjast náttúrunni, sjálfum sér og hópnum í gegnum ró, rútínu og umhyggju.

Hæfni í lok námskeiðs:

- Geta skipulagt og framkvæmt göngu með sjálfsnauðsynjum
- Skilningur á eigin mörkum, styrkleikum og þátttöku í hópi
- Þekking á samveru án tækni og í fjarveru daglegrar truflunar
- Dýpkuð tenging við náttúru, líkama og samfélag
- Reynslu af að búa til sameiginlega rútínu í einfaldleika

Fæða og ferli

Markmið:

Að gefa þátttakendum rými til að kynnast matargerð sem skapandi, samfélagslegu og skynrænu ferli. Að skoða hvernig matur og samvera í kringum hann getur verið leið til tengsla, ígrundunar og lærdóms.

Lengd: 1 vika

Námskeiðslýsing:

Þessi vika snýst um að nálgast mat og matargerð sem hluta af lífi, lærdómi og tengslum. Í sameiginlegu rými, eldhúsi eða úti í náttúrunni búa þátttakendur til mat saman, læra aðferðir og vinna með það sem býðst hvort sem það er hráefni, stemning, reynsla eða hugmynd. Máltíðir verða að vettvangi fyrir samveru og samtal. Áhersla er lögð á að hlusta á rýmið, árstíðina, hópinn og eigin líkama, og sjá hvað kemur upp í hendurnar og hugann. Námskeiðið getur falið í sér að læra, elda, borða, skrá, ræða eða einfaldlega vera saman yfir mat.

Hæfni í lok námskeiðs:

- Reynslu af að útbúa mat í samveru og með áherslu á tengsl
- Meðvitund um skapandi ferli: frá hráefni til máltíðar
- Skilning á því hvernig matur getur tengst stað, tíma og fólki
- Hæfni til að tileinka sér einfaldar aðferðir og bregðast við aðstæðum
- Virðing fyrir því sem nærir líkamlega, félagslega og andlega

Að skrá stað

Markmið:

Að dýpka tengsl þátttakenda við umhverfi sitt með því að skrá, rannsaka og túlka stað út frá tilteknum sjónarhornum eða hugmyndum. Að þjálfra næmni og athygli í sköpun sem sprettur úr landslagi, minningu eða aðstæðum.

Lengd: 1 vika

Námskeiðslýsing:

Þátttakendur vinna með hugtakið „að skrá stað“ út frá tiltekinni uppsprettu sem gestaleiðbeinandi leggur fram sem getur verið setning, hljóð, leið, sjónarhorn, regla, takmörkun eða efni. Markmiðið er ekki að „skrá“ með einum ákveðnum hætti, heldur að opna fyrir persónulega tengingu við staðinn í gegnum leiðbeinandi inngang. Vinnan getur farið fram með fjölbreyttum miðlum: texta, mynd, hreyfingu, hljóði, efni, kortlagningu, athöfnum eða einfaldri tilvist. Áhersla er lögð á hlustun, takmörkun, endurtekningu og næmni.

Hæfni í lok námskeiðs:

- Hæfni til að vinna út frá takmörkun, inngönguleið eða gildi
- Aukið næmi fyrir rými, efni og samhengi
- Skilningur á því hvernig mismunandi nálganir móta það sem við sjáum og skráum
- Geta þróað skapandi ferli í samspili við stað og leiðsögn
- Reynslu af að spegla eða deila eigin upplifun í samtali við hóp og umhverfi

Að fara

Markmið:

Að ramma inn lok skólans með tiltekt, ígrundun, kveðju og meðvitund um það sem

Þátttakendur vilja varðveita, sleppa eða taka með sér út í næsta kafla lífsins.

Lengd: 1 vika

Námskeiðslýsing:

Í þessari viku færist takturinn yfir í umhyggju fyrir rýmum sem við höfum deilt, bæði hinum ytri og innri. Þátttakendur fá tækifæri til að hugsa um hvernig þeir vilja geyma og skilja við það sem varð til í LungA, bæði í formi minninga, verka, tengsla og hugmynda. Vikan inniheldur samveru, kveðjur, tiltekt, yfirferð, ritun og jafnvel litlar athafnir eða siði tengda kveðju.

Hæfni í lok námskeiðs:

- Færni til að yfirfæra nám og reynslu yfir í daglegt líf og framtíð
- Meðvitund um mikilvægi tengsla, minninga og kveðju
- Geta tekið ábyrgð á rýmum og umgengni

8.3 Starfsemi beggja námslína

Skóladagurinn

- Skóladagur frá 09:00-16:00 sem hefst á morgunsamveru
- Hádegisverður kl. 12:30
- Kvöldverður kl. 18:00
- Aðgangur að skólahúsnæði allan sólarhringinn

Þátttakendur hafa aðgang að skólahúsnæði allan sólarhringinn til að vinna að eigin verkefnum.

Morgunsamverur

Alla virka daga (mán.-fös.) er haldin sameiginleg morgunsamvera þátttakenda, brautarstjóra og gesta. Fyrst stýrir starfsfólk samverunni en í framhaldinu taka starfsmenn og þátttakendur við. Þar eru kynntar hugmyndir, verkefni eða atburðir dagsins. Auk þess eru veittar tilkynningar og hægt að hefja samræður um mál sem tengjast náminu. Þar er einnig kynning og móttaka nýrra gesta og leiðbeinenda. Eftir morgunsamverur hefjast námskeið eða sjálfstæð vinna.

Samvinna milli námsleiða

Þó námsbrautirnar ART og LAND séu sjálfstæðar í námskrá og skipulagi, getur komið til samvinnu um viðburði, gestakennslu, gönguferða eða þverfaglegra verkefna þegar það þjónar markmiðum beggja brauta. Þátttakendur búa saman og borða saman á virkum dögum og hvatt er til samvinnu utan skipulagðra lota.

Einstaklingssamtöl

Regluleg einkasamtöl við þátttakendur eru hluti af uppsetningu námsins og er nýtt til að veita stuðning og ræða framvindu.

8.4 Markmið náms

Með hvorri námsleiðinni leitast skólinn við að skapa aðstæður þar sem þátttakendur geta þróað færni og meðvitund í samræmi við sex grunnþætti aðalnámskrár:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Þessar grunnstoðir eru samþættar allri dagskrá skólans og endurspeglast í skipulagi og framkvæmd annarinnar.

Læsi Læsi er skilgreint í víðum skilningi sem félagslegt, menningarlegt, umhverfislegt og vistfræðilegt læsi. Námsbrautir LungA-skólans vinna með mismunandi birtingarmyndir læsis: sjónrænt og miðlalæsi á LIST-braut, og landlæsi og staðbundna þekkingu á LAND-braut. Markmiðið er að þátttakendur verði virkir í eigin sköpun.

Meginmarkmið þess að greina og þróa leiðir til að vinna með læsi innan námsbrauta skólans er að þátttakendur verði virkir gerendur í eigin sköpun og merkingarsköpun. Lítil stærð skólans og sú áhersla sem lögð er á einstaklingsmiðað nám skapa einstakt tækifæri til að efla gagnrýna hugsun, túlkunarfærni, hæfni til að vinna með fjölbreyttar upplýsingar á meðvitaðan hátt og miðla þeim á áhrifaríkan hátt til annarra.

Sjálfbærni Starfsemi LungA-skólans á sviði sjálfbærni er einnig í samhljómi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN Sustainable Development Goals). Námið leitast við að tengja alþjóðleg markmið við staðbundin verkefni og daglegt líf, þar sem ábyrgð gagnvart umhverfi, samfélagi og framtíð er fléttuð inn í allt skólastarf.

Sjálfbærni er leiðarljós í starfsemi skólans og sérstaklega áberandi í LAND-línu sem byggir á vistfræðilegri og árstíðabundinni nálgun. Unnið er að vitundarvakningu um vistkerfi og samfélagslega sjálfbærni þar sem nám og samfélag fléttast saman. Að læra um og stuðla að þekkingu á sjálfbærni tengir saman fortíðina og (lágkolefnis)framtíðina og er því dýrmætt framlag til næstu kynslóðar sem vinnur með land og umhverfi.

Heilsa og velferð Í heimavistarskóla verður velferð að miðlægum þætti. Morgunsamverur, vikuleg eftirfylgd og þátttaka í sameiginlegum verkefnum styrkja andlega og félagslega vellíðan. Unnið er markvisst að tengslum, trausti og vellíðan með skýrum stuðningskerfum.

Lýðræði og mannréttindi

LungA-skólinn byggir starf sitt á lýðræðislegri nálgun þar sem þátttakendur leiða eigið nám og taka virkan þátt í stjórnun skólans. Lýðræðisleg vinnubrögð eru grundvallaratriði í námsumhverfinu og Nemendaráð skólans gegnir lykilhlutverki í að efla virka borgaravitund, samábyrgð og réttlætiskennd meðal þátttakenda.

Nemendur fá tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku um skipulag skólastarfsins, og öll kennsla og daglegt skipulag er byggt á samráði og valddreifingu. Þessi nálgun styrkir hæfni í samvinnu, hlustun, tjáningu og meðvitund um félagslega ábyrgð. Með þessu vinnur skólinn markvisst að því að efla menntun til lýðræðislegrar þátttöku og meðvitundar um mannréttindi sem nýtist bæði innan skólasamfélagsins og í samfélaginu almennt.

Siðareglur skólans og það hvernig starfsemin er samvinnuð samfélaginu í Seyðisfirði, fremur en að standa utan við það, undirstrikar að skólinn setur gildi og réttindi í forgrunn í öllu sínu starfi. Námsbrautir LungA-skólans stuðla að fjölbreytni, samfélagsuppbyggingu og þverfaglegum og menningarlegum samskiptum, sem eru lykilhæfnipættir fyrir listnám, kennslu, skapandi greinar og lýðræðissamfélög. Þessir þættir þarf bæði að læra og kenna, og LungA-skólinn býður til þess rými og aðstæður.

Jafnrétti Skólinn vinnur markvisst gegn mismunun. Inntaka er opin öllum 18 ára og eldri, óháð kyni, uppruna, eða öðrum þáttum. Skólinn styður við jafnræði og fjölbreytileika í öllu skólastarfi.

Sköpun Sköpun er kjarninn í starfsemi LungA-skólans. Allt nám snýst um skapandi hugsun og verklega útfærslu í gegnum listir, samfélagsverkefni og samveru. LungA-skólinn sameinar líf, nám og list í einum lærdómsheimi sem byggir á sjálfstæði, frumkvæði og samstarfi.

8.5 Tungumál

LungA-skólinn tekur á móti nemendum og leiðbeinendum frá mörgum löndum víðsvegar um heiminn, sem stuðlar að fjölbreytileika og skapar vettvang fyrir þekkingarmiðlun milli nemenda, starfsfólks og gesta. Af þeirri ástæðu eru skólagögn aðgengileg bæði á íslensku og ensku.

Þessi ákvörðun endurspeglar alþjóðlega sýn skólans og þá listrænu og fræðilegu fjölbreytni sem leiðbeinendur og gestaleiðbeinendur koma með. Þátttakendur hafa mismunandi tungumálabakgrunn og skólun veitir stuðning eftir þörfum: í gegnum túlkun í samtölum, þýddar skriflegar upplýsingar eða persónulega leiðsögn (sjá 13. Einstaklingsmiðað nám).

Skólinn lítur á tungumál sem lifandi þátt í sköpunar- og námsferli, þar sem bæði íslenska og enska eru nýtt sem verkfæri til tjáningar, ígrundunar og samfélagsuppbyggingar. Það er líklegt að þátttakendur þurfi að nýta sér enskt hugtakasafn og orðræðu innan lista- og menningargeirans í framtíðarnámi og starfi. Með því að kenna listnámsbrautina á ensku sem og íslensku er unnt að setja notkun enskrar listfræðilegrar orðræðu í samhengi við alþjóðlegt fræðasamfélag og starfsvettvang. Mikill hluti fræðiefnis innan listfræðinnar er enn óþýddur á íslensku og því mun námskráin óhjákvæmilega innihalda efni sem unnið er með á ensku.

Skólinn leggur þó jafnframt áherslu á notkun íslensku þar sem það á við, bæði út frá getu þátttakenda og samhengi viðfangsefna. Sérstök áhersla er lögð á að tryggja aðgengi allra að skapandi menntun, sérstaklega í vinnustofum og þverfaglegu samstarfi. Þessi stefna endurspeglar bæði fjölbreytileika skólans í listum og menntun og þann fjölbreytni í hópi starfsfólks og gestaleiðbeinendum.

9. Samstarf og tengsl

LungA-skólinn vinnur í nánun samstarfi við fjölbreytta aðila og stofnanir, bæði á Seyðisfirði og víðar. Markmið samstarfsins er að styrkja tengingu náms við samfélag, atvinnulíf og list- og menningarlíf. Samstarfið styður við hæfnipróun þátttakenda á sviðum sköpunar, samfélagslegrar þátttöku, sjálfstæðis og samvinnu.

Á Austurlandi starfar skólinn reglulega með Skaftfelli - miðstöð myndlistar á Austurlandi, Menningarfélaginu HEIMA, Airconditions, Síldarvinnslunni, Sláturhúsinu, Félagsheimilinu Herðubreið, Skálanesi - setri um náttúru og menningararf, og Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs. Þessi tengsl veita þátttakendum tækifæri til að læra í lifandi fagumhverfi.

Innan skólans er einnig starfrækt útvarpsstöðin Seyðisfjörður Community Radio, sem veitir þátttakendum vettvang til að gera verk sín og námsupplifun aðgengilega fyrir bæði staðbundinn og alþjóðlegan hlustendahóp og hanna viðburði sem sameina námsleiðir og ná út fyrir skólann.

Á alþjóðavísu nýtur skólinn samstarfs og stuðnings í gegnum Erasmus+, sem hefur gert okkur kleift að þróa starf okkar með samstarfi við háskólann USN í Noregi, Brandbjerg lýðháskóla og Hyper Island í Danmörku. Skólinn er einnig aðili að International Community Radio Network (alþjóðlegu samfélagsútvarpsneti).

LungA-skólinn býr jafnframt yfir víðtæku tengslaneti í gegnum núverandi starfsfólk, fyrrverandi nemendur og þá fjölmörgu gesti og leiðbeinendur sem hafa komið að skólastarfinu. Þetta tengslanet birtist m.a. í samstarfsverkefnum við útskrifaða nemendur, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi.

10. Þjónusta og aðstaða

Herðubreið - Austurvegur 4

Aðstaða LungA-skólans er staðsett á efri hæð Herðubreiðar - samfélags- og menningarhússins við Austurveg 4. Skólinn hefur aðra hæð hússins til umráða, auk þess að hafa aðgang að jarðhæð. Á annari hæð eru skrifstofur skólans, vinnustofur og verkstæði, útvarpsstöðin, setustofa þátttakenda og geymslur fyrir efni og verkfæri. Á fyrstu hæð er matsalur, kvikmyndasalur með sviði, skrifborðsaðstaða og fjölnota rými. Jarðhæð hússins er aðgengileg fyrir hjólastóla en önnur hæð er það ekki. Þátttakendur hafa aðgang að annarri hæð allan sólarhringinn og fyrsta hæð er opin frá kl. 9 - 16 á daginn.

Gamli spítali - Suðurgata 8

Gamli spítali við Suðurgötu 8 er heimavist LungA-skólans, þar sem allir þátttakendur dvelja á meðan á námi stendur. Heimilishaldið er sameiginlegt og mikilvægur hluti af lýðskólastarfi því þar mótast samfélagið, vinátta og dagleg samvera utan formlegs náms. Heimavistin er miðsvæðis, innan við fimm mínútna ganga frá Herðubreið, sundlaug og búðinni.

Á heimavistinni eru tveggja til þriggja manna herbergi með sameiginlegum baðherbergjum. Þar er einnig sameiginlegt eldhús, rúmgóð setustofa og þvottaherbergi með þvottavél og þurrkara. Þátttakendur bera sameiginlega ábyrgð á daglegu heimilishaldi, umgengni og rými.

Gamli spítali er ekki aðgengilegur fyrir hjólastóla.

Tölvubúnaður og netaðgangur

Nemendur mega gjarnan koma með eigin tölvur ef þeir telja að þær nýtist þeim í verkefnum. Í raun notum við tölvur ekki mikið og engin námskeið krefjast þess að hafa tölvu. Þráðlaust net er í Herðubreið og heimavist og einnig er aðgangur að prenturum og mynd-/hljóðbúnaði þegar þess þarf.

Stuðningur og aðstoð

Þátttakendur hafa aðgang að fræðilegum stuðningi, og starfsfólk stendur einnig til boða vegna persónulegra mála. Þegar við á vinnur skólinn með sérfræðingum utan skólans og getur vísað þátttakendum áfram til annarra aðila.

Ef þátttakendur þurfa sérstaka aðstoð vegna fötlunar, veikinda eða annarra aðstæðna, er skólinn vel í stakk búinn til að greina og útfæra viðeigandi aðlögun svo hver og einn geti tekið sem fullan þátt í náminu og skólasamfélaginu (Nánari upplýsingar um stuðningsúrræði og einstaklingsaðlögun má finna í kafla 13: Einstaklingsmiðað nám).

11. Stefnur og áætlanir

Í samræmi við gildi, framtíðarsýn og starfshætti LungA-skólans fer ítarlegt mat fram í lok hverrar annar á velferð þátttakenda og starfsfólks, náms- og kennsluferlum og árangri skólans. Í þessu ferli eru einnig nýttar athugasemdir og viðbrögð utanaðkomandi sérfræðinga í menntamálum, bæði innanlands og erlendis. Skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd kannana og úrvinnslu niðurstaðna.

Markmið þessa ferlis er að tryggja gæði námsins og að starfsemi skólans fari fram í samræmi við námskrá LungA-skólans, íslensk lög og reglugerðir, þar með talið **aðalnámskrá framhaldsskóla og lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla**. Gæðamatið er í samræmi við VII. kafla laganna um gæðamat og eftirlit, og reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit með framhaldsskólum.

11.1 Jafnréttisstefna

Skólinn starfrækir jafnréttisstefnu sem tryggir að allir starfsmenn fái jöfn laun óháð stöðu, þar sem eini breytilegi þátturinn er starfshlutfall. Ársreikningur skólans, þar með talin upplýsingar um launagreiðslur, er aðgengileg á vef skólans undir „Um skólann“.

Við nýráðningar og val á gestaleiðbeinendum er haft að leiðarljósi að viðhalda jafnri kynjaskiptingu. Þetta er á ábyrgð stjórnar og skólastjóra. Skólastjóri ber ábyrgð á að auglýsingar um störf mismuni ekki eftir kyni.

Skólinn leggur áherslu á fjölbreytileika meðal umsækjenda og þátttakenda. Skólastjóri og verkefnastjóri bera ábyrgð á því að greina tækifæri til að ná til nýrra umsækjenda með fjölbreyttan bakgrunn. Brautarstjórar fylgjast með fjölbreytileika hópa sem teknir eru inn hverju sinni.

LungA-skólinn hefur unnið markvisst að því að fjölga íslensku starfsfólki. Frá og með júní 2025 samanstendur fast starfslið skólans af 50% íslenskum starfsmönnum og 64% tímabundnum íslenskum starfsmönnum.

Í febrúar 2025 hóf skólinn þróun nýrrar fjarnámsleiðar, **Útvarpsskólans**, sem er styrkt af **Erasmus+**. Sú námsleið er hluti af stefnu skólans um að auka aðgengi að lýðskólamenntun fyrir fjölbreyttan hóp þátttakenda óháð búsetu.

11.2 Umhverfisstefna

LungA-skólinn hefur umhverfismál og sjálfbærni að leiðarljósi í allri starfsemi, í daglegum rekstri, kennslu og framtíðarstefnumótun. LAND-námsleiðin hefur eftir meðvitund og ábyrgð skólans á þessu sviði með því að starfa sem vettvangur samráðs og aðgerða um umhverfismál þar sem þátttakendur og starfsfólk móta og innleiða eftirfarandi aðgerðir:

- Að skapa umhverfisvæna menningu í skólanum sem endurspeglast í allri dagskrá og starfsemi
- Að auka fræðslu og meðvitund um umhverfismál hjá þátttakendum og starfsfólki, bæði á staðbundnum og alþjóðlegum vettvangi
- Að hvetja til minnkandi neyslu og aukinnar endurnýtingar og flokkunar
- Að hvetja til vistvænna samgöngumáta, sérstaklega hjólreiða innan fjarðarins
- Að vera meðvituð um vistspor bæði staðbundins og aðflutts hráefnis

11.3 Stefna um Vinnustaðamenningu og starfsumhverfi:

Við hjá LungA-skólanum leggjum ríka áherslu á að móta og viðhalda heilbrigðum, fjölskylduvænum, skapandi og sjálfbærum vinnustað sem byggir á trausti, samvinnu og virðingu. Við lítum á starfsfólk okkar sem virka þátttakendur í menntunarferlinu - ekki einungis sem leiðbeinendur, heldur sem listamenn og samfélagsbyggjendur sem miðla eigin reynslu, spurningum og efasemdum jafnt sem þekkingu.

Við viðhöldum þessari menningu með:

- **Reglulegum samráðsfundum** þar sem ákvarðanir eru teknar í samvinnu og ábyrgð deilt jafnt á milli teymisins. Við leggjum áherslu á gegnsæi og virka hlustun í öllu skipulagi.
- **Aðgengi að rými til eigin sköpunar** - listsköpun starfsfólks er ekki aðskilin frá vinnunni heldur samofin henni. Skólinn tryggir að starfsfólk hafi tíma og aðstöðu til að sinna eigin list, sem styrkir tengsl kennslu og raunverulegrar sköpunar.
- **Sveigjanleika í starfi**, þar sem við treystum starfsfólki til að skipuleggja sína vinnu út frá sköpun, velferð og jafnvægi í lífi og starfi.
- **Samvinnu í kennslu** þar sem nýjar námsleiðir og námskeið eru mótuð í sameiningu og í gegnum samtál við aðra í teyminu. Þetta tryggir stöðuga þróun og dýpt í námsframboði.
- **Markvissu jafnréttisstarfi**, þar sem við skoðum stöðugt hvernig við getum dregið úr kerfisbundnum hindrunum í vinnuumhverfi okkar og tryggt að ólík sjónarhorn og reynsluheimar fái að njóta sín.
- **Nánd og samvera í daglegu starfi**, þar sem borin er virðing fyrir tilfinningalegum og félagslegum þáttum starfsins - þetta er sérstaklega mikilvægt í litlu samfélagi þar sem mörk milli vinnu, sköpunar og samveru eru óljósari.

Við lítum á vinnustaðamenningu ekki sem eitthvað fast heldur síbreytilegt samtal milli fólks sem vill vinna að sameiginlegu verkefni: að skapa rými þar sem nám, list og samfélag mætast á merkingarbæran hátt. Með því að hlúa að fólkinu innan skólans tryggjum við að skólinn haldi áfram að vera lifandi og umbreytandi stofnun.

11.4 Stefna um mataræði og næringu

Skólinn skal tryggja gott aðgengi að hollum og næringarríkum mat til að auðvelda þátttakendum og starfsfólki að taka heilsusamlegar ákvarðanir og stuðla að heilbrigðum matarvenjum.

LungA-skólinn býður upp á sérsniðinn, vegan mat fyrir allt starfsfólk, þátttakendur og gesti, tvær máltíðir á virkum dögum. Þátttakendur fá fræðslu og aðferðir til að efla meðvitund um mikilvægi næringar. Allir þátttakendur, starfsmenn og gestir gefa upp ofnæmi, óþol og óskir áður en dvöl hefst, og skólinn heldur gagnagrunn til að tryggja að tekið sé tillit til þarfa hvers og eins.

Námskeið fela oft í sér matarsöfnun og vinnslu sem byggir á staðbundnum hefðum, þar á meðal gerjun og varðveislu, auk valfrjálsra verkefna sem snúa að söfnun og eldamennsku með dýraafurðum.

Hlutverk og markmið:

- Að einungis sé boðið upp á hollan og næringarríkan mat í matsal skólans
- Að tengja saman nám og matargerð/máltíðir með þverfaglegum hætti
- Að bjóða upp á fræðslu um næringu, matarvenjur og félagslega og menningarlega þætti tengda samveru yfir mat.

11.5 Trúnaður, friðhelgi og persónuupplýsingar

Í LungA-skólanum leggjum við ríka áherslu á að þátttakendur hafi sjálfræði yfir eigin persónuupplýsingum. Skólinn og þátttakendur hans eru skuldbundin til að virða trúnað og ekki miðla upplýsingum um þátttakendur til óviðkomandi aðila nema lög krefjist þess eða ef brýna nauðsyn ber til í þágu öryggis og velferðar.

Ef þátttakandi telur nauðsynlegt að koma áhyggjum sínum á framfæri um annan þátttakanda, hvort sem það er við einhvern innan skólans eða utan, skal fyrst rætt við viðkomandi til að fá samþykki þeirra. Þá skal viðkomandi vera upplýstur fyrirfram um hver fái upplýsingar, hvað verður sagt og af hverju er nauðsynlegt að segja frá.

Í þeim tilvikum þar sem ekki er hægt að fá samþykki (t.d. ef talið er að viðkomandi sé hættulegt sjálfu sér eða öðrum), má tilkynna án samþykkis.

Allar upplýsingar er varða námsferil nemenda í skólanum eru varðveittar í gagnagrunni. LungA-skólinn gefur ekki sjálfkrafa út staðfestingu við útskrift, en hægt er að nálgast upplýsingar afrit af skólagöngu á skrifstofu skólans á íslensku eða ensku með stuttum fyrirvara.

11.6 Persónuverndarstefna LungA-skólans og meðferð persónuupplýsinga

Markmið þessarar stefnu er að útskýra hvernig LungA-skólinn meðhöndlar persónuupplýsingar. Skólinn leggur áherslu á að meðhöndla persónuupplýsingar af kostgæfni, virðingu og gagnsæi, með það að markmiði að vernda réttindi og einkalíf þátttakenda og annarra samstarfsaðila. Skólinn starfar í samræmi við almennu persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins (GDPR) sem og íslensk lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Stefnan byggir á þeirri grundvallarsýn skólans að einstaklingar eigi rétt á að ráða yfir eigin persónuupplýsingum. Hún gildir um allar persónuupplýsingar sem LungA-skólinn safnar, notar, varðveitir eða miðlar.

Upplýsingar um ábyrgðarmann

Ef þú hefur spurningar um þessa persónuverndarstefnu, hvaða gögn skólinn kann að geyma um þig, eða vilt nýta rétt þinn samkvæmt lögum, vinsamlegast hafðu samband. Skólastjóri LungA-skólans, Dr. Mark Rohtmaa-Jackson, fer með ábyrgð á meðferð persónuupplýsinga.

Tengiliður: Dr. Mark Rohtmaa-Jackson

Heimilisfang: LungA-skólinn, Austurvegur 4, 710 Seyðisfjörður, Ísland

Símanúmer: (+354) 547 5477

Netfang: mark@lunga.is

Vefur: lungaschool.is

Myndbirtingarheimild

Við birtum ekki myndir eða myndbönd af þátttakendum sem auðkennast greinilega án skýrs samþykkis þeirra. Þetta á við um birtingu á samfélagsmiðlum, vef skólans og í prentuðu kynningarefni. Samþykki er þó talið gefið ef um er að ræða framkomu á opnum viðburðum eða ef myndefnið hefur þegar verið gert opinbert. Þátttakendur geta hvenær sem er afturkallað samþykki sitt með því að hafa samband við Mark Rohtmaa-Jackson.

Lunga-skólinn tekur ekki þátt í markvissri markaðssetningu byggðri á þeim gögnum sem skólinn kann að hafa um þig. Við markaðssetningu er stuðst við ytri aðila sem bera ábyrgð á eigin persónuverndarstefnu og skólinn miðlar ekki gögnum til þeirra.

Söfnun og notkun gagna

Skólinn safnar, vinnur úr og varðveitir þær persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna þátttöku einstaklings í starfsemi skólans. Við tryggjum að upplýsingarnar séu réttar, uppfærðar og ekki villandi. LungA-skólinn ber ábyrgð á og skal geta sýnt fram á að farið sé að eftirfarandi meginreglum:

- Persónuupplýsingar skulu unnar á lögmætan, sanngjarnan og gagnsæjan hátt.
- Gögn skulu aðeins unnin í tilgreindum, skýrum og lögmætum tilgangi og ekki notuð síðar í ósamrýmanlegum tilgangi nema með samþykki.
- Aðeins lágmarksupplýsingar sem nauðsynlegar eru verða safnaðar.

- Persónuupplýsingar skulu vera réttar og uppfærðar eftir þörfum.
- Gögn skulu ekki varðveitt lengur en nauðsyn krefur.
- Upplýsingar eru eingöngu safnaðar með upplýstu og ótvíræðu samþykki einstaklings.
- Gögn eru ekki miðlað til þriðja aðila nema með skýru samþykki viðkomandi.

Notkun vefgagna og vafrakökur

Vefsíða skólans notar Google Analytics til að safna nafnlausum upplýsingum um notkun síðunnar, til að bæta þjónustu. Þetta getur falið í sér upplýsingar um hvaðan gestir koma, hvaða tæki og vafra þeir nota o.fl. Skólinn notar ekki vafrakökur eða önnur tæki til að safna upplýsingum sjálfur, en þriðju aðilar (s.s. Google, Meta, Podio) kunna að gera það fyrir hönd skólans.

Öryggisráðstafanir

Persónuupplýsingar eru unnar með öruggum hætti. Skólinn hefur innleitt tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir, þar á meðal dulkóðun, aðgangsstýringu, örugga gagnageymslu og reglulegt öryggiseftirlit, til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang, birtingu eða eyðingu gagna.

Vinnsla, varðveisla og eyðing gagna

Við vinnum persónuupplýsingar á grundvelli samþykkis nema lagagrundvöllur sé fyrir hendi. Samþykki er frjálst og hægt að afturkalla það hvenær sem er með því að hafa samband.

- Gögnum er eytt þegar þau eru ekki lengur nauðsynleg í þeim tilgangi sem þeim var safnað.
- Gögnum er eytt með öruggum hætti þegar þau eru orðin óþörf.

Sameiginleg ábyrgð og eftirfylgni

Stefna þessi verður reglulega endurskoðuð og uppfærð til að tryggja áframhaldandi samræmi við GDPR. Þátttakendur í skólastarfi eru hvött til að taka virkan þátt í mótun og eftirliti með persónuverndarháttum skólans.

Fræðsla, viðbrögð og úrræði

Starfsfólk skólans fær fræðslu um GDPR og mikilvægi persónuverndar. Öll tilvik þar sem grunur leikur á brotum eða vafasömum meðferðum persónuupplýsinga skulu tilkynnt ábyrgðaraðila.

Réttindi þín samkvæmt persónuverndarlögum

Þú átt rétt á að:

- Fá aðgang að eigin persónuupplýsingum og fá þær leiðréttar eða afskráðar.
- Í ákveðnum tilvikum geta einstaklingar mótmælt vinnslu persónuupplýsinga og óskað eftir að þeim sé eytt nema skólanum beri skylda til að varðveita upplýsingarnar samkvæmt lögum.

- Mótæla eða takmarka vinnslu persónuupplýsinga við ákveðnar aðstæður.
- Fá persónuupplýsingar afhentar eða fluttar til annars aðila (réttur til gagnaflutnings).

Við svörum öllum beiðnum innan eins mánaðar. Hafðu samband ef þú vilt nýta réttindi þín.

Endurskoðun persónuverndarstefnu

Persónuverndarstefna þessi er reglulega endurskoðuð og uppfærð eins og við á. Síðast uppfært: 20. Júní 2025.

Kvörtun til yfirvalda

Ef þú telur að persónuverndarréttindum þínum hafi verið brotið gegn, áttu rétt á að leggja fram kvörtun til **Persónuverndar**, sem er eftirlitsstofnun á Íslandi með framkvæmd persónuverndarlaga. Sjá nánar á www.personuvernd.is.

12. Reglur, réttindi og ábyrgð

Við trúum því að persónuleg farsæld og ánægja náist í gegnum verklega vinnu sem ýtir undir þróun eigin hæfileika og getu - sem aftur hefur áhrif á umhverfið. Það er sameiginlegt verkefni að halda utan um umhirðu skólans, bæði sem hugmynd og framkvæmd og því verður nám og þátttaka í skólanum til með samvinnu og samlífi. Allir þátttakendur leggja sitt af mörkum til félagslegrar sáttar innan skólasamfélagsins og út frá þessu hafa mótast eftirfarandi venjur um gagnkvæma gestrisni, félagslega sátt og hegðun.

Með því að nema eða starfa við LungA-skólann skuldbindum við okkur til að fara eftir skólareglum:

- LungA-skólinn ber ábyrgð á strúktúr og valdaskipan sem fylgir hverri stofnun. Við krefjumst þess að í skólanum viðurkenni allir þátttakendur, þar með talið starfsfólk, starfsmenn, leiðbeinendur og gestalistamenn, þau valdaójafnvægi sem geta myndast og að enginn misnoti stöðu sína né forréttindi.
- Í LungA-skólanum notum við nafn, framburð og fornöfn sem einstaklingar sjálfir kjósa. Við gerum ekki ráð fyrir kyni, ásetningi eða smekk fólks.
- Við erum öll hvött til að tileinka okkur fordómalaus afstöðu gagnvart kyni, kynþætti, kynhneigð, húðlit, aldri, fötlun, þjóðerni og trú, og viðurkennum rétt allra þátttakenda til að taka þátt í öllu starfi skólans án mismununar. Þar af leiðandi er áreitni, þar með talin kynferðisleg áreitni, einelti, kynjamisrétti, hómófóbía, transfóbía, fötlunarfordómar, stéttafordómar, aldurshyggja og útlendingahatur, ekki liðin að nokkru leyti. Ef einstaklingar beita meðvitað slíku ofbeldi eða fjandskap gagnvart öðrum, verða þau að vera undir það búin að vera vikið úr náminu (Sjá 19.6 Brottrekstur).
- Við berum öll ábyrgð á að virða réttindi og eignir hvers annars. Við virðum persónulegt rými og gerum ekki ráð fyrir samþykki annarra. Samþykki þarf að vera frjálst og upplýst og getur breyst hvenær sem er. Ef einhver er ekki fær um að gefa samþykki, þá telst samþykki ekki hafa verið veitt. Ef vafi leikur á getu einstaklings til að samþykkja, þá telst samþykki ekki hafa verið veitt.
- Við teljum að allir þátttakendur eigi rétt á sjálfræði yfir persónuupplýsingum sínum og ákvörðunum um hvernig þær eru miðlaðar. Enginn þátttakandi má gera ráð fyrir aðgengi að persónuupplýsingum annars né miðla þeim án skýrs samþykkis. Þetta felur í sér myndatöku eða sýnileika annarra (t.d. birtingu á samfélagsmiðlum) án samþykkis þeirra sem í hlut eiga.
- Við sýnum virðingu og komum inn í náttúruna og samfélag þeirra sem búa á Seyðisfirði af hugulsemi og nærgætni. Við gætum að snyrtimennsku, tínum og flokkum rusl, virðum garðamörk og munum að það sem gæti litið út fyrir að vera rusl gæti verið fjársjóður annars. Við berum ábyrgð á því að koma fram við byggingar, verkfæri, efni og náttúru af virðingu og tillitssemi.

- Við erum hvött til að vera forvitin um eigin praxís og veru innan skólans, sem og um starf annarra. Við eigum að spyrja spurninga, deila eigin vinnuferli og viðveru með öðrum þátttakendum, þannig að samveran geti haft áhrif á okkar eigin aðferðir, sjónarhorn og skilning.
- Við eigum að sýna áhuga á morgunsamverum og námskeiðum, og flytja þá reynslu og þekkingu sem þar fæst inn í okkar eigin praxís eða veru.
- Við eigum að vera til staðar. Það þýðir ekki endilega 100% mætingu, því við metum einnig fjarveru og óhefðbundnar leiðir til þátttöku. Hins vegar skiptir nærvera miklu máli í sameiginlegu náms- og samvinnusamfélagi, og skortur á nærveru getur haft neikvæð áhrif á samfélagið. Ef ítrekuð fjarvera veldur truflunum sem ekki næst sátt um í samtölum við viðkomandi, gæti það leitt til þess að viðkomandi verði beðinn um að hætta þátttöku í náminu.
- Við berum ábyrgð á því að viðhalda venjum sem styðja við eigin heilsu. Heilsuparfir geta vera menningarlega mótaðar og mismunandi á milli einstaklinga. Þátttakendur sem þurfa stuðning við andlega eða líkamlega heilsu ættu að ganga í skugga um, áður en námið hefst, að slíkur stuðningur sé tryggður allan þann tíma sem viðkomandi dvelur í skólanum. Hafa skal samband við öryggis- og stuðningshóp LungA (LSS) eins fljótt og auðið er ef þú hefur áhyggjur af andlegri eða líkamlegri heilsu þinni eða annarra þátttakenda (Sjá 15. Öryggi í skólanum).

13. Einstaklingsmiðað nám

Við erum meðvituð um að fólk lærir á ólíkan máta, hvort sem um ræðir vegna námsörðugleika, fötlunar eða annað. Skólinn leggur áherslu á fjölbreyttar leiðir og nálganir við nám. Að vera í LungA-skólanum snýst líka um að taka þátt í mótun skólans og við aðlögunum okkur að fjölbreyttum þörfum þátttakenda eins og kostur er. Ef nemendur þurfa sérstakan stuðning vegna fötlunar, sjúkdóma eða annara aðstæðna, þá getum við fundið leiðir til að tryggja aðkomu og fulla þátttöku þeirra.

Skynsegin (e. Neurodiverse) þátttakendur fá stuðning bæði frá starfsfólki og öðrum þátttakendum. Námið er ekki bundið við einkunnir eða ákveðin viðmið og þátttakendur geta unnið á sínum hraða í gegnum önnina.

Skólagangan felur í sér búsetu á heimavist með öðrum þátttakendum. Ef þátttakendur þurfa sérstakar búsetuaðstæður eða þurfa að búa með stuðningsaðilum, skal það koma fram við inntöku svo hægt sé að finna lausn.

Ekki allar byggingar skólans eru aðgengilegar hjólastólum. Þau sem hafa áhyggjur af aðgengi skulu hafa samband við okkur við inntöku til að meta mögulegar aðlögunaraðgerðir. Ef þátttakandi telur sig þurfa sérstakan stuðning getur hann gert sameiginlega aðgengisáætlun með skólanum, annaðhvort áður eða á meðan námi stendur. Hún getur m.a. falið í sér:

- að upplýsa aðra þátttakendur um fötlun
- tillögur um aðlögun námskeiða
- námsgögn í öðru formi
- sérúrræði í námskeiðum, t.d. lengri tími, hvíldartími, sérstakt rými, tölvuaðstoð o.fl

Skólinn leitast við að koma til móts við aðstæður eins og unnt er.

Ef nemendur upplifa að þeir nái ekki að halda í við skólann, upplifa sig óhæfa til þátttöku eða ef aðgengisþarfir breytast, er hægt að ræða við brautarstjóra, skólastjóra eða verkefnastjóra.

Ef nemandi þarf á auknum stuðningi að halda vegna fötlunar eða persónulegra aðstæðna metur skólinn fyrst aðstæður og hvetur einstaklinginn til að vera í sambandi við þá sérfræðinga sem þeir velja sér eða finna saman lausn sem uppfyllir þarfir einstaklingsins til að geta sótt skólann. Við styðjum við þátttakandan með auknum samtölum og athygli og gerum breytingar ef þörf krefur. Þátttakendum er tilkynnt áður en þau hefja nám að brautarstjórar eru hér til að halda utan um námið og að skólinn og námsbrautir hans séu ekki greiningar- eða meðferðarstofnun. Þátttakendur fá skýr ráð um að þau þurfa að koma á stuðningi við hvers kyns fyrirbyggjandi aðstæður sem gætu haft áhrif á andlega eða líkamlega líðan þeirra.

15. Öryggi í skólanum

Vinsamlegast verið meðvituð um að fjörðurinn og landslagið í kring getur verið breytilegt og hættulegt. Láttu vita ef þú ætlar út fyrir bæinn eða ætlið eitthvert ein. Verið sýnileg þegar þið gangið eða hjólið úti á kvöldin, hvort sem er innabæjar eða utan. Farðu inn á safetravel.is og hlaðið niður SafeTravel appinu: [HÉR](#) - appið hefur upplýsingar um aðstæður hverju sinni og tekur líka niður GPS hnitin þín í neyðartilvikum.

Kynntu þér öryggisreglur áður en þú notar tæki eða rými:

- Þekktu áhættur, varnir og verndarbúnað fyrir öll efni sem þú vinnur með, sérstaklega ef það eru efni sem þú hefur ekki notað áður.
- Notaðu alltaf öryggisbúnað, sérstaklega augnvernd, þegar þess er krafist.
- Notaðu útsog þegar á við.
- Gættu að upptökum elds áður en þú vinnur með eldfim efni. Varastu sull og leka.
- Þekktu staðsetningu og notkun neyðarbúnaðar.
- Þekktu flóttaleiðir, viðbragðsáætlanir og reglur um meðhöndlun úrgangs.
- Haltu vinnusvæði hreinu og skipulögðu.
- Útgangar og gangar skulu alltaf vera hindrunarlausir.
- Gestir í stúdíóum og verkstæðum eru á þína ábyrgð - tryggðu öryggi þeirra.
- Merktu og geymdu spilliefni rétt.
- Hreinsaðu upp allt sull og bleytu, sérstaklega í sameiginlegum rýmum.

Eldvarnarfulltrúi skólans skoðar reglulega stúdíó og þarf að komast inn í öll rými. Hann virðir eignir og vinnuna þína en þarf að grípa inn í ef öryggi er ógnað.

Þegar unnið er með hættuleg efni eða tæki:

- Forðastu að vinna eitt.
- Geymdu og færðu til efni samkvæmt reglum.
- Ekki skilja ómerkt ílát eftir - merktu með nafni, dagsetningu og viðvörunum.
- Bindið hár, fjarlægið skart og föt sem geta flækst í vélum.
- Truflið ekki aðra sem vinna með hættuleg efni eða verkfæri.
- Forðist að anda að ykkur hættulegum efnum og skolið húð tafarlaust við snertingu.

Tilkynnið öll óhöpp og næstumþví óhöpp til aðila í öryggis- og stuðningshóp LungA (LSS). Ef eitthvað kemur upp skal fylla út atvikaskýrslu sem fæst hjá LSS eða á skrifstofunni og skila til starfsmanna - þau geta líka aðstoðað þig.

15.1 Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun

Farið er yfir rýmingaráætlun í húsnæðum skólans í fyrstu viku skólaannar. Kort með upplýsingum um næstu flóttaleið hangir í hverju rými. Þegar farið er yfir rýmingaráætlun er farið yfir flóttaleiðir, söfnunarsvæði, staðsetningu brunavarnatækja og viðbrögð við rýmingu.

Við viðvörðun:

Starfsfólk sem er staðsett á viðkomandi stað:

- Setur alla í viðbragðsstöðu.
- Skoðar flóttaleiðir
- Veitir þátttakendum upplýsingar um stystu flóttaleiðir og söfnunarsvæði
- Söfnunarsvæði á Suðurgötu 8 er á lóð norðan við húsið, á milli Suðurgötu og Garðarsveg.
- Söfnunarsvæði við Herðubreið, Austurveg 4 er á bílastæðinu við fánastangir.

Lykilstarfsmenn:

- Fara að stjórnstöflu
- Aðgæta boðin

Ef kerfið hættir, skal bíða stutt áður en aðgerðir eru hættar og metið stöðuna.

Ef til rýmingar kemur:

Allir þátttakendur, gestaleiðbeinendur og gestir:

- Yfirgefa húsið fljótt en í skipulegri röð
- Skilja eftir eigur en taka með yfirhafnir
- Safnast saman á fyrirfram skilgreindu söfnunarsvæði
- Bíða eftir fyrirmælum frá skólastjóra eða öðrum fulltrúa **Öryggis- og stuðningshóps LungA (LSS)** (sjá kafla 17)
- Skilja hurðir eftir opnar

Starfsfólk:

- Fer yfir sín svæði, athugar hvort allir hafi yfirgefið húsnæðið og læsir rýmum
- Ef einstaklingur getur ekki yfirgefið húsnæðið af sjálfsdáðum (t.d. vegna fötlunar, slyss eða annarra takmarkana), skal nærtækasti starfsmaður eða annar viðstaddur veita aðstoð og láta stjórnanda aðstoðu vita.
- Tilkynnir ef grunur leikur á að einhver sé enn inni í hættusvæði
- Yfirgefur bygginguna og fer beint á skilgreint rýmingarsvæði, þar sem þau gefa skólastjóra eða öðrum LSS fulltrúa upplýsingar
- Brautarstjóri ber ábyrgð á að telja fólk og staðfesta að allir séu komnir út
- Skólastjóri skal hringja í 112 ef eldur eða slys verður

Eftir hverja rýmingu skal framkvæma stuttan fund með starfsfólki og skrá athugasemdir um framkvæmd, t.d. hvað gekk vel og hvað má bæta.

15.2 Áætlun um viðbrögð við vá

Ef almannavarnir gefa út tilmæli um rýmingu vegna farsóttar, náttúruhamfara eða annarra válegra atburða, er fylgt rýmingaráætlun skólans. Að öðru leyti fylgir skólinn leiðbeiningum og fyrirmælum almannavarna.

Skólinn fer einnig eftir almennum tilmælum frá almannavörnum og slökkviliði, t.d. ef gefin eru út viðvaranir sem krefjast þess að fella niður kennslu vegna óveðurs eða annarra hættuástands.

Skrifstofa skólans ber ábyrgð á að miðla upplýsingum til þátttakenda um gildandi viðvaranir í Seyðisfirði og nágrenni. Upplýsingar eru veittar í morgunsamverum og í sameiginlegum samskiptahóp skólans. Ef viðvaranir eru alvarlegar og ekki næst í viðkomandi í gegnum rafræna miðla, verður haft samband símleiðis.

16. Stuðningur við þau sem þurfa - Heildræn nálgun

LungA-skólinn fylgir heildrænni nálgun þegar kemur að andlegri heilsu, velferð og félagslegri sátt allra þátttakenda. Þetta þýðir að allir í skólanum bera ábyrgð á að styðja við hvert annað og stuðla að umhverfi sem einkennist af trausti og umhyggju.

Búseta á heimavist og samvist í öðrum vinnurýmum krefst hlýlegra, umburðarlyndra og örláttra samskipta. Á heimavist er þetta upphaflega mótað og leitt af starfsfólki, t.d. á húsfundum. Í skólanum er þetta gert með því að taka frá tíma til að ræða hvernig við viljum skapa og viðhalda samfélaginu okkar. Skólinn leggur almennt áherslu á að efla heilbrigðar andlegar venjur - bæði í sköpunarferli þátttakenda og í daglegu lífi þeirra. Ýmis úrræði eru í boði fyrir þátttakendur sem kunna að þurfa stuðning:

Skólinn leggur almennt áherslu á að efla heilbrigðar andlegar venjur - bæði í sköpunarferli þátttakenda og í daglegu lífi þeirra. Ýmis úrræði eru í boði fyrir þátttakendur sem kunna að þurfa stuðning:

- Morgunsamverur: Almennt er hvatt til að takast á við hugsanlegar áskoranir eða ágreining snemma svo hægt sé að bregðast við þeim á uppbyggilegan hátt og morgunsamkomurnar bjóða upp á leið til að koma málum til alls skólans.
- Húsfundir: Vikulegir húsfundir þar sem íbúar ræða praktísk eða tilfinningaleg atriði. Ef þörf er á geta þau síðan verið tekin upp við starfsfólk sem veitir stuðning við lausn mála.
- Einstaklingsviðtöl eru hluti af námsleiðunum, en jafnframt trúnaðarsamtöl þar sem þátttakendur geta tjáð sig um áhyggjur eða erfiðleika. Skólastjóri og brautarstjórar skipuleggja viðtalsfundi með öllum þátttakendum á lykiltímum í hverri önn.
- Þar sem það á við, er hægt að skipuleggja lestrar- og umræðuhópa með afmörkuðu þema sem nýtist samfélagi skólans á hverjum tíma.

Skólinn tryggir að allir þátttakendur viti hvaða stuðningur er í boði innan skólans og í samfélaginu - og hvernig sé hægt að nálgast þann stuðning, bæði innan og utan skólatíma.

16.1 Veikindi og óumflýjanlegar fjarvistir

Veikindi og óumflýjanlegar fjarvistir, svo sem vegna fráfalls í fjölskyldu eða menningarlegra skyldna, falla ekki undir formlegar reglur skólans. Því er ekki krafist staðfestingu eða vottorða; þess í stað er treyst á rétt einstaklings til sjálfræðis.

Skólasókn er almennt mjög góð, mögulega vegna þess að þátttakendum er veitt sjálfræði í eigin námi og þeir bregðast við þeirri ábyrgð af alúð og einlægni.

Ef þátttakandi þarf að hætta námi tímabundið vegna veikinda, fjölskylduástæðna eða menningarlegra skuldbindinga, er þeim frjálst að snúa aftur í námið síðar.

17. Öryggis- og stuðningshópur LungA (LSS)

Öryggis- og stuðningshópur LungA er skipaður í upphafi hverrar annar. Í honum eru skólastjóri, verkefnastjóri og báðir brautarstjórar. Brautarstjórar gegna mikilvægu hlutverki þar sem þau eru í daglegu sambandi við þátttakendur.

Ef þátttakandi hefur áhyggjur af eigin líkamlegri eða andlegri heilsu eða annarra, má leita til hvers sem er úr hópnum. Upplýsingar um hver eru í LSS og hvernig má nálgast þau eru aðgengilegar á heimavist og fyrir utan skrifstofu í Herðubreið. Skólastjóri og verkefnastjóri eru alltaf í þessum hóp og alltaf hægt að hafa samband við þau ef vafi leikur á. Ef áhyggjurnar koma fram utan skólatíma, um helgar eða í frjálsum tíma er hægt að ná í brautarstjóra, skólastjóra og verkefnastjóra í gegnum Telegram eða í gegnum starfsnema. Listi yfir meðlimi hópsins er sendur á alla nemendur og starfsfólk í tölvupósti og hann hengur uppi á heimavist og fyrir utan skrifstofu í Herðubreið.

LSS ber ábyrgð á því að koma á beinu sambandi við viðeigandi úrræði þegar þörf krefur.

Ef einhver glímir við heilsubrest, getur það haft áhrif á allt samfélagið. LSS metur aðstæður í hverju tilfelli og hugar að því hvort viðkomandi þurfi frekari stuðning.

Allir innan skólans sem telja sig hafa orðið fyrir áreitni, kynbundnu eða kynferðislegu ofbeldi, eða telja sig hafa rökstuddan grun eða vitneskju um slíkt, skulu tilkynna það sem fyrst til einhvers úr LSS.

Á hefðbundnum vinnutíma ættu þátttakendur að leita til starfsfólks (brautarstjóra, skólastjóra eða verkefnastjóra), en í neyðartilvikum er aðgengi að starfsfólki tryggt allan sólarhringinn meðan á námi stendur.

Hver önn er studd af starfsnemunum sem búa með hópnum og gegna lykilhlutverki sem fyrstu tengiliðir utan vinnutíma (virkir dagar 8:30-16:00 og um helgar). Starfsnemar hafa beint samband við allt starfsfólk, LSS og neyðartengiliði. Þátttakendur geta einnig haft beint samband við ákveðna starfsmenn ef þörf krefur.

Ef upp kemur neyðartilfelli er fylgt viðeigandi verklagi og neyðarþjónusta kölluð til (112).

17.1 Viðbrögð við áföllum

Viðbragðsáætlun við áföllum eða andláti:

LungA-skólinn hefur skýra áætlun um viðbrögð við alvarlegum atvikum sem geta haft áhrif á þátttakendur og/eða starfsfólk skólans. **Öryggis- og stuðningshópur LungA (LSS)** ber ábyrgð á skipulagningu viðbragða við slíkum atburðum og getur leitað til presta, lækna og annarra fagaðila eftir þörfum.

Skólastjóri, sem jafnframt er formaður LSS, er venjulega fyrsti tengiliður innan skólans í slíkum tilvikum. Skólastjóri getur tekið ákvarðanir samstundis og ber ábyrgð á samskiptum við fjölmörg ef nauðsyn krefur. Mikilvægt er að skólinn tali með einni röddu þegar kemur að alvarlegum atvikum.

Hlutverk LSS í fyrstu viðbrögðum:

- Að greina hverjir kunna að hafa orðið fyrir áfalli
- Að tryggja tafarlausa sálræna fyrstu hjálp fyrir viðkomandi einstakling(a)
- Að koma strax á sambandi við heilsugæslu eða viðeigandi heilbrigðisþjónustu
- Að senda strax tilkynningu til alls starfsfólks. Skólastjóri ber ábyrgð á þessu, eða felur öðrum meðlimi LSS verkefnið ef þörf er á.

Símtöl um alvarlega atburði:

Ef símtal berst í skólasímann vegna alvarlegs atviks sem varðar þátttakanda, er mjög mikilvægt að starfsmaður sem tekur við símtalinu hafi undir höndum lista með viðeigandi spurningum til að forðast að viðkomandi þátttakandi fái fréttirnar beint í gegnum síma. Símtöl eru vanalega beint á farsíma skólastjóra.

Þátttakandinn er þá leiddur út úr kennslu og fær upplýsingarnar afhentar í eigin persónu ásamt umönnun og stuðningi eins og hægt er að veita.

Öryggi og úrvinnsla:

Skólinn þarf að vera viðbúinn að veita viðeigandi aðstoð svo þátttakandi yfirgefi ekki bæinn í ástandi sem gæti stofnað honum sjálfum eða öðrum í hættu. Starfsfólk skal ekki tjá sig um atvik eða veita svör án samráðs við áfallaráð LSS.

Ef þátttakandi fellur frá eða slasast alvarlega:

Skólastjóri hefur samband við viðkomandi brautarstjóra og sér í kjölfarið um að hafa samband við aðstandendur með aðstoð Podio-kerfis skólans, svo hægt sé að ná í þá eins fljótt og auðið er. Mikilvægt er að nákomnir vinir fái stuðning og að fjölskyldur þeirra séu upplýstar, svo unnt sé að tryggja áframhaldandi stuðning eftir heimkomu nemenda.

17.2 Umönnun eftir áfall

Það er afar mikilvægt að leiðbeinendur eða aðrir starfsmenn sem veita einstaklingi stuðning eftir áfall séu rólegir og gefi sér nægilegan tíma.

Mikilvægt er að einstaklingur sem hefur orðið fyrir áfalli finni til öryggis og geti treyst þeim sem eru hjá honum. Viðkomandi þarf að vera leiddur á öruggan og afskekktan stað þar sem ekki er hætt á truflun. Það skiptir máli að sá sem veitir stuðning sýni hlýju, mildi og líkamlega nærveru eftir þörfum.

Útskýra þarf hvað hefur gerst á rólegan og skýran hátt og reyna að hjálpa viðkomandi að horfast í augu við aðstæður, gefa nægan tíma til að tjá sig og skipuleggja tilfinningar og hugsanir.

Ef slys hefur átt sér stað innan skólans, er sjálfsagt fyrsta forgangsatriði að veita líkamlega fyrstu hjálp, kalla til sjúkralið og gæta jafnframt, eftir fremsta megni, að ósannar eða óstaðfestar upplýsingar um atvikið berist ekki um skólann.

17.3 Viðbrögð LungA-skólans

Sá aðili sem fyrstur fær upplýsingar um andlát eða alvarlegt slys skal strax tilkynna það til skólastjóra eða, ef hann er ekki tiltækur, til annars meðlims Öryggis- og stuðningshóps LungA (LSS). Upplýsingum má ekki miðla áfram fyrr en skólastjóri hefur gefið skýr fyrirmæli um slíkt.

Skólastjóri aflar staðfesta upplýsinga frá lögreglu, forráðamönnum eða öðrum viðeigandi aðilum.

Skólastjóri kallar saman LSS til fundar þar sem hlutverk eru skýrð og fyrstu viðbrögð ákveðin. Fyrsti fundurinn skal vera stuttur og markviss - tilgangurinn er að úthluta verkefnum og ákveða fyrstu skref skólans.

Ef um þátttakanda er að ræða, boðar skólastjóri viðkomandi á fund og veitir honum upplýsingar um atvikið. Viðkomandi fær umönnun og stuðning eins og hægt er og aðstæður kalla á hverju sinni.

Skólastjóri kallar saman starfsfólk og greinir frá því sem gerst hefur og hvernig skólinn ætlar að bregðast við.

Skólastjóri tryggir að upplýsingar berist öllu starfsfólki skólans. Sérstaklega er mikilvægt að þeir leiðbeinendur sem hafa umsjón með viðkomandi þátttakanda fái upplýsingar eins fljótt og unnt er. Hringt skal í þau sem eru ekki á staðnum.

Athuga þarf hvort einhverjir þátttakendur eða starfsmenn tengist atvikinu sérstaklega og þurfi að fá upplýsingar í einrúmi áður en nemendahópurinn fær sameiginlegar upplýsingar. Nemendum er hægt að tilkynna um atvikið með tvennum hætti:

- Brautarstjórar eða aðrir flytja fréttirnar á sama tíma í öllum hópum, ef mögulegt er
- Nemendum er safnað saman og skólastjóri eða verkefnastjóri flytur fréttirnar

Æskilegt er að skapa rými þar sem þátttakendum er gefinn kostur á að ræða atvikið og eigin tilfinningar. Því er almennt heppilegast að tilkynna um atvikið í hópsamhengi. Mikilvægt er að minna nemendur á að senda ekki skilaboð eða dreifa upplýsingum áfram á samfélagsmiðlum.

Í slíkum aðstæðum skal veita þátttakendum, starfsfólki og gestum stuðning og tækifæri til úrvinnslu. Boðið skal upp á einstaklingsviðtöl. Nauðsynlegt getur verið að kalla til utanaðkomandi aðstoð til að létta álagi af starfsfólki skólans.

18. Hjálp utan skólans

Neyðartilvik: Í hættulegum aðstæðum skal hringja í neyðarlínuna, 112 áður en haft er samband við starfsfólk. 112 er ætlað fyrir slys, eldsvoða, glæpi, barnavernd, leit, björgun og náttúruhamfarir og þau sinna öllu neyðarstarfi. Listi yfir símanúmer vegna annarra slysa og bráðatilvika má nálgast hér: <https://island.is/slys-og-bradatilvik>

- Heilsugæslan á Seyðisfirði, Suðurgata 8, s. 470 3060
- Lyfja apótek, Norðurgata 6.
- Stígamót eru samtök sem berjast gegn kynferðisofbeldi og veita aðstoð fyrir fólk sem hefur verið beitt kynferðisofbeldi. Viðtöl eru ókeypis að kostnaðarlausu. S. 562-6868; <https://stigamot.is/panta-tima/>
- Sálræn og/eða trúarleg ráðgjöf frá prestinum á Seyðisfirði. Þetta getur verið í tengslum við ástvinamissi, sorg eða almennur stuðningur.
- Hjálparsími Rauða krossins er 1717. Hjálparsíminn veitir virka hlustun og ráðgjöf um samfélagsleg úrræði til fólks á öllum aldri sem þarf á stuðningi að halda, t.d. sökum þunglyndis, kvíða eða sjálfsvígshugsana. Auk þess veitir Hjálparsíminn sálrænan stuðning og ráðgjöf til þeirra sem telja að brotið hafi verið á sér á internetinu.

19. Að leysa ágreining

Skólinn leggur áherslu á samtöl, sátta- og málamiðlanir sem aðferðir til að leysa ágreining og viðhalda öruggu og friðsömu skólasamfélagi. Þetta er gert í gegnum einstaklingssamtöl og/eða hópumræðu. Markmiðið er að minnka skaðann og laga sambönd, frekar en að beita refsingu. Allar aðgerðir til að leysa ágreining leiða að því að efla samræðu og sátt milli aðila, svo þau geti unnið sameiginlega að því að draga úr áhrifum deilunnar.

Þegar upp kemur ágreiningur milli einstaklinga getur hann stundum verið leystur í einrúmi, en það er ekki alltaf nóg. Dæmi um slíkt er ef að það er ójöfnuður milli aðila eða ef samtölin leiða ekki að sáttum.

Ef samtal milli einstaklinga leiðir ekki til sáttar, ættu þátttakendur að íhuga annaðhvort að láta millilið leiða samtölin eða kalla á skólafund:

19.1 Samtöl með millilið

Þegar samtöl reynast ekki nægjanleg og ágreiningurinn snýr aðeins að fáum aðilum skulu þau finna hæfan millilið til að leiða samtalið.

Milliliður skal vera einhver sem báðum aðilum líður vel með og eiga að hafa skýrt hlutverk: sáttaamiðlun en ekki að vera í dómarsæti, þ.e. að aðstoða aðila við að taka eigin ákvarðanir, frekar en að beita þrýstingi eða taka sér stöðu með öðrum hvorum aðilanum.

Meðlimir LSS geta verið til staðar sem milliliðir en velkomið er að velja aðra einstaklinga innan skólans ef aðilar kjósa það.

19.2 Skólafundur

Ef deilan hefur víðtækari áhrif á skólasamfélagið getur verið viðeigandi að kalla á skólafund. Það getur líka verið góður kostur að virkja skólasamfélagið til að takast á við deilur eða átök

með það fyrir augum að sameiginleg ábyrgð ýtir undir tilfinningu um samstöðu og aðild. Í slíkum tilfellum skal kalla á skólafund við fyrsta tækifæri.

- Hver sem er getur kallað á skólafund til að ræða ágreining. Ef viðkomandi treystir sér ekki til þess getur einhver annar gert það fyrir þeirra hönd.
- Þátttakendur boða fundinn á viðeigandi hátt svo boðið berist öllum þátttakendum, t.d. í gegnum Telegram eða morgunsamveru.
- Þátttaka á fundinum er valkvæð og þau sem mæta er ráðlagt að styðja við báða/alla aðila og aðstoða við að finna lausnir sem byggja á sameiginlegum gildum og stuðla að samhljómi.
- Fundargerðir eru ritaðar á skólafundum sem eru kallaðir til að leysa ágreining.

19.3 Viðbrögð gegn ofbeldi

Ofbeldisfullt eða ógnandi tungumál og hegðun er ekki liðin í skólanum. LungA-skólinn vinnur virkt gegn ofbeldi með fyrirbyggjandi aðferðum. Við tökumst á við allar tegundir ofbeldis, áreitni, einelti eða aðrar tegundir mismununar og sýnum næmni gagnvart þeim áskorunum sem þátttakendur upplifa. Skólinn hvetur til hegðunar og viðhorfa sem styðja við virðingu og samvinnu, og gegn ofbeldi.

Þátttakendur fá lista yfir neyðartengiliði við komu. Ofbeldi innan skóla og lítilla samfélaga er sjaldan óvænt eða hvatvís. Þess vegna skulu þátttakendur sem koma auga á óeðlilega hegðun eða atvik tilkynna hana til LSS.

Starfsfólk LungA-skólans getur boðið upp á stuðning við nemendur ef þeir þurfa, þegar þeir þurfa. Flestir þátttakendur, þar á meðal starfsnemar, búa saman og gætu þau séð einstakling eiga erfitt á undan starfsfólki. Ef svo er, þá ættu þau fyrst, ef mögulegt er, að spyrja einstaklinginn hvort að það sé í lagi að deila áhyggjum af þeim og síðan láta einhvern í LSS vita af áhyggjum sínum.

Starfsfólki ætti að vera tilkynnt, eftir því sem við á, um allar viðbótarparfir sem nemendur gætu þurft á að halda, t.d. vegna geðheilsu eða sorgar.

Ýmsar hegðunar- og líkamlegar breytingar sem gætu bent til erfiðleika: Líkamleg merki um skaða; breyting á matar- og svefnvenjum; aukin félagsleg einangrun; breyting á skapi og virkni; að tala og/eða grínast um sjálfsskaða og/eða sjálfsvíg; fíkniefna- og áfengisneysla; tilfinningar á borð við gagnsleysi, vonleysi og hjálparleysi; leyndardómsfull hegðun; neikvæð hegðunarmynstur, svo sem truflun og óeðlileg hvatvísir; þráhyggjuhugsanir, sérstaklega í sambandi við aðra einstaklinga.

Ferli og mat:

Eftir að áhyggjur eða atvik hafa verið tilkynnt, metur LSS málið og ef við á getur fulltrúi úr stjórn skólans verið kallaður til. Hópurinn framkvæmir sérstakt áhættumat út frá aðstæðum og metur umfang og alvarleika. Ef matið leiðir í ljós að heilsu eða öryggi þeirra sem viðkomandi snýr að sé ógnað, mun skólinn grípa til viðeigandi fyrirbyggjandi aðgerða. Ef ekki er hægt að koma í veg fyrir áhættu að fullu, verður hún minnkuð eins og hægt er.

Við tilkynningu mun LSS meta aðstæður og vinna áhættumat til að ákvarða eðli aðgerða. Ef matið gefur til kynna að nemendur séu í hættu skal skólinn grípa til fyrirbyggjandi aðgerða til að koma í veg fyrir áhættuna eða, ef það er ekki mögulegt, draga úr henni eins og kostur er. Viðbrögð við skynjaðri áhættu skulu ávallt tekin með samþykki og skýrum samskiptum við þá aðila sem málið varðar, með áherslu á að setja einstaklinginn í forgrunn þarfa hans.

Það er engin ein „rétt“ lausn við slíkum aðstæðum. Þess vegna mun LSS bregðast við með aðstæðubundnum, gagnreyndum úrræðum þar sem samskipti, samstarf og nýting úrræða eru í forgrunni.

19.4 Mismunun, áreitni, kynbundin áreitni, áföll eða ofbeldi

Ef upp koma atvik varðandi ofbeldi, mismunun, áreitni og/eða kynferðislega áreitni þá er hvert atvik einstakt.

Eftirfarandi leiðbeiningar eru hér til að hjálpa þátttakendum að vera undir það búnir að bregðast við ef þeir lenda í slíkri stöðu. Forgangsraðaðu alltaf öryggi sjálfs þíns og annarra:

- Bein samskipti: Segðu skýrt við einstaklinginn að hegðunin sé óvelkomin og að þú viljir að hún hætti. Taktu stjórn á aðstæðum með því að horfast í augu við aðilann og útskýra hvað hann er að gera. Ef um árasargjarna hegðun er að ræða, reyndu að vera rólegt og leitaðu aðstoðar annarra í kringum ykkur þar sem hægt er. Í sumum tilfellum gæti líka verið betra að biðja einhvern sem þú treystir að tala við einstaklinginn fyrir þína hönd.
- Veittu samstöðu: Ef þú ert vitni að hegðun sem þér finnst jafngilda mismunun, áreitni, kynferðislegri áreitni eða ofbeldi skaltu grípa inn í. Íhlutun gagnast öllum, en gríptu aðeins inn í til að hjálpa öðrum. Ef þú ert ekki viss hvort að hegðunin sé særandi skaltu spyrja hvort að allt sé í lagi.
- Skráðu atvikið: Skrásettu það sem gerðist. Gakktu úr skugga um að þú takir eftir tíma, stað og einstaklingum sem eru viðstaddir, hvað gerðist, af hverjum og þína upplifun. Vistaðu textaskilaboð eða aðrar skrár (ljósmyndir, hljóð- eða myndupptökur) sem tengjast atburðinum. Ef þú ert vitni skal þú aðeins afhenda gögnin til þess sem varð fyrir atvikinu.
- Tilkynntu: Talaðu við einhvern í skólanum um það sem gerðist og sæktu stuðning. Öll atvik skulu tilkynnt til einhvers í Öryggis- og stuðningshóp LungA (LSS). Hópurinn getur stutt við bakið á þeim sem þurfa og unnið að lausn þar sem allir finna fyrir öryggi og áheyrn.

Skólinn ber ábyrgð á að tryggja að allir hlutaðeigandi fái tækifæri til að tjá sjónarmið sín. Öll viðtöl við aðila í málinu skulu fara fram í einrúmi, án viðveru annarra aðila.

Ef atvik leiðir í ljós að einstaklingur hefur viljandi beitt ofbeldi, mismunun eða áreitni gagnvart öðrum, ber viðkomandi að gera ráð fyrir því að verða útilokaður úr skólanum eða viðkomandi námsbraut (sjá kafla 19.6: Brottrekstur). Þetta á við óháð stöðu viðkomandi innan skólans, hvort sem um er að ræða þátttakanda, starfsmann eða gest.

Ef mat á atvikinu gefur tilefni til að ætla að starfsmenn skólans (t.d. leiðbeinendur, gestir eða vinnustofuleiðbeinendur) séu viðriðnir brot, skal farið eftir reglugerð nr. 1009/2015 og unnið í samráði við öryggis- og stuðningshóp LungA-skólans (sem öryggistrúnaðarmenn vinnustaðarins), auk utanaðkomandi aðila ef nauðsyn krefur.

Ef meintur polandi ákveður á einhverjum tímapunkti að tilkynna málið til lögreglu, skal stjórn og starfsfólk skólans veita alla mögulega aðstoð við ferlið.

19.5 Að leita aðstoðar utan skólans

Þó að skólinn vilji bregðast við deilum með samfélagsmiðuðum hætti, gerum við okkur grein fyrir því að þetta er ekki alltaf sú lausn sem þau sem verða fyrir alvarlegum brotum eru tilbúin eða hafa getu til að taka þátt í. Þess vegna, óháð framangreindu, getur einstaklingur innan LungA-skólans sem telur sig hafa verið brotið á hvort sem er líkamlega, andlega eða tilfinningalega, eða hefur rökstuddar grunsemdir eða vitneskju um brot gegn öðrum einstaklingi af hálfu þátttakanda og getur ekki leitað stuðnings innan skólans, getur viðkomandi leitað til stjórnarmanns LSS eða formanns stjórnar skólans.

Ef það telst nauðsynlegt, og er samþykkt af viðkomandi aðila, mun formaður ræða málið við stjórn eins fljótt og auðið er. Stjórnarmið fórnarlamb og annarra hagsmunaaðila þarf að kynna á skipulegan hátt. Stjórnin safnar nauðsynlegum gögnum, t.d. með því að taka viðtöl við hlutaðeigandi aðila til að varpa ljósi á málið. Öll gögn og störf stjórnarinnar eru trúnaðarmál. Stjórnin skal halda fundargerð.

Frekari meðferð málsins fer eftir óskum viðkomandi einstaklings/aðila. Ef brot er um að ræða sem fellur undir ákvæði opinberra hegningarlaga er fórnarlambinu ráðlagt að vísa málinu til lögreglu. Ákvörðunin er þó alltaf hjá fórnarlambinu og stjórnin styður það í hvaða ákvörðun sem það tekur. Ef málinu er vísað til lögreglu grípur stjórnin ekki til frekari aðgerða.

Skólastjórn og stjórnendur geta, ef samkomulag er við fórnarlambið, leitað sérfræðiaðstoðar utan skólans.

Athugasemdir, áhyggjur og kvartanir er einnig hægt að koma beint til skólastjóra, nafnlaust eða undir nafni, í pósthólf sem er staðsett fyrir utan skrifstofu skólastjóra. Þetta pósthólf er aðgengilegt allan sólarhringinn.

19.6 Brottrekstur

Ef upp koma alvarleg tilfelli þar sem þátttakandi hefur hagað sér á þann hátt að áframhaldandi nævera hans sé skaðleg verður viðkomandi þátttakandi að búast við og vera tilbúinn að vera vikið úr skólanum.

Brottrekstur er þegar skólinn áskilur sér rétt til að draga til baka ónauðsynlega vinnu og úrræði frá einstaklingum sem hafna eða neita að taka þátt í félagslegri samheldni skólasamfélagsins. Þetta felur í sér þátttöku í skólastarfi, heimavist, aðgang að samfélagsmiðlahóp, námsgögnum og skólarýmum.

Skuldbinding við brottvikna aðila er takmörkuð en skólinn mun gera allt sem í okkar valdi til að tryggja að þeir séu öruggir. Þetta gæti falið í sér eftirfarandi:

- Veita tímabundna gistingu utan heimavistar þar til einstaklingurinn getur snúið heim, eða gera aðrar ráðstafanir (ekki lengur en sá tími sem viðkomandi átti að vera í skólanum).
- Endurgreiða ónýttan matarkostnað.
- Aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari truflun.

Skólinn viðurkennir að aðskilnaður getur verið erfið reynsla fyrir bæði einstaklinginn og þau sem eftir eru í skólanum og mun gera allt sem í hans valdi stendur til að styðja báða aðila eða hópa við einstakar aðstæður.

Ef mismunur, áreitni eða annað ofbeldi lýkur ekki eftir að ofangreindum verklagsreglum hefur verið framfylgt er öllum þeim sem enn verða fyrir áhrifum á einhvern hátt bent á að leggja fram formlega kvörtun til stjórnar skólans.

Ef aðstæður í LungA-skólanum kallar á meira en það sem skólasamfélagið getur boðið upp á, er teymi einstaklinga og sérfræðinga virkjað til að grípa til aðgerða og leysa úr aðstæðum. Þetta teymi býr yfir fjölbreyttri sérþekkingu á sviði félagslegrar hæfni og áfallameðferðar.

20. Fyrri útgáfur

Þessi námskrá er lifandi skjal, síðast uppfært (29/06/2025 (af MRJ og HHG)). Námskráin er skrifuð á ensku og þetta er þýðing af henni. Námskráin er uppfærsla á áður birtum skjölum:

- The *LUNGA SCHOOL CURRICULUM* (2024)
- The *LUNGA SCHOOL CURRICULUM* (2023)
- *LUNGA SCHOOL Policy on promoting mental and physical wellbeing and creating a non-violent and non-discriminatory culture and environment* (2023)
- *LUNGA CODE OF CONDUCT* (2023)
- *LUNGA SCHOOL MANIFESTO / Curriculum* (2016)
- The *LUNGA SCHOOL CURRICULUM* (2015)

Þó að sum þessara skjala séu enn í umferð (sérstaklega Manifestóið), ætti nýjasta útgáfa námskránnar að teljast sem gildandi skjal, frá og með 28.06.2025. Námskráin er alltaf aðgengileg á vefsíðu LungA-skólans.